



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Skilgreining á grunnþjónustu lögreglunnar

Október 2009

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Niðurstöður	7
	Öryggishlutverk	8
	Afbrotavarnahlutverk	8
	Rannsóknarhlutverk	9
	Þjónustu- og hjálparhlutverk	10
	Aðstoðarhlutverk	11
	Samstarfshlutverk og önnur verkefni	11
3.	Þjónusta lögreglunnar	13
	Hlutverk lögreglunnar	13
	Annmarkar á 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga	13
	Eðli og gæði þjónustu	15
	Gæðastjórnun	15
	Forgangsröðun viðskiptavina	17
	Grunnþjónusta og stoðþjónusta	18
	Verkefni og mat á forgangsröðun lögreglunnar	19
	Aðferðir við mat á verkefnum	20
4.	Grunnþjónusta	22
	Almannavarnir	25
	Almenn lögregla	27
	Alþjóðadeild	28
	Ákæra og saksókn	29
	Efnahagsbrot (rannsókn)	30
	Fjarskiptamiðstöð	32
	Flugvernd – flugstöðvardeild	33
	Greiningardeild	35
	Lögreglan skylduverkefni – samstarf	37
	Lögreglustjóri – skylduverkefni	41
	Lögreglustjóri – varnir gegn ógn	47
	Mál útlendinga	48
	Peningaþvættisskrifstofa	49
	Rannsóknir brota	50
	Sérsvait	53
	Tæknideild	54
	Tölvurannsókn- og rafeindadeild	55

5.	Stoðþjónusta	56
	Afgreiðsla og umsýsla verkefna	58
	Bílamiðstöð	60
	Fjármál og rekstur	61
	Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar (IMST)	62
	Lögregluskóli ríkisins	63
	Starfsmannamál	64
	Stjórnsýsla	65
	Tölvudeild	66
	Upplýsingamál og afbrotagreiningar	67
	Stjórn lögreglu – ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar	68
6.	Tilfærsla á verkefnum frá lögreglu	71
	Útgáfa leyfa og skilríkja	71
	Birtingar og boðun (ákærur, fyrirköll, dómar, afplánunarbréf o.fl.)	71
	Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar (IMST)	71
	Aðstoð vegna minniháttar umferðaróhappa	72
	Forvarnir – fræðsla	72

1. Inngangur

Í kjölfar bankahrunsins í október 2008 hafa aðstæður í ríkisbúskapnum breyst til muna. Niðurskurður í ríkisútgjöldum er óhjákvæmilegur og þegar hefur sú krafa verið gerð að stofnanir sýni aðhald í rekstri. Lögreglan er ekki undanskilin og hefur þegar verið gerð krafa um að lögreglan skeri niður um 10% á næsta fjárlagaári.

Í vetur var ríkislögreglustjóra það ljóst að staða lögreglunnar yrði tekin til skoðunar líkt og verið er að gera á öðrum sviðum, svo sem í heilbrigðis- og menntamálum. Af þessum ástæðum m.a. heimsótti ríkislögreglustjóri lögregluembættin um allt land til að ræða stöðu lögreglunnar við lögreglumenn og lögreglustjóra. Voru umræður gagnlegar og opinskáar. Á einum þessara funda kom fram sú hugmynd að ríkislögreglustjóri héldi málþing um framtíðarskipan lögreglumála. Gekk það eftir og var málþingið haldið 12. maí í Lögregluskólanum. Mikil vinna var lögð í undirbúning þess og var náð samráð haft við Landssamband lögreglumanna, Lögreglustjórafélagið, Yfirlögregluþjónafélagið, Ákærendafélagið, Félag íslenskra rannsóknarlögreglumanna og Lögregluskóla ríkisins. Afrakstur málþingsins er tugir tillagna um breytt og bætt skipulag lögreglunnar, starfsmannahald og framtíð ákærumála sem voru afhentar dómsmálaráðherra þann 9. júní sl.

Þann 15. júní skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra starfshóp til að fara yfir skipulag lögreglunnar hér á landi, m.a. með tilliti til núverandi aðstæðna í ríkisfjármálum og áherslu á að nýta sem best þá fjármuni sem Alþingi veitir til löggæslu.

Í lok júlí fól ráðherra embætti ríkislögreglustjóra að vinna að skilgreiningu á grunnþjónustu lögreglunnar sem unnt væri að nota sem grundvöll við ákvörðun á inntaki lögreglustarfsins, áætlun um mannaflapörf í umdæmum o.fl. Niðurstöður þeirrar vinnu eru lagðar fram í þessari skýrslu.


Að skilgreina grunnþjónustu lögreglunnar er viðamikil verkefni. Það hefur ekki verið gert áður svo að vitað sé og er æskilegt að heldur fleiri en færri komi að slíkri vinnu. Við gerð þessarar skýrslu var leitað eftir umsögn frá öllum lögreglustjórum, Landssambandi lögreglumanna, Yfirlögregluþjónafélaginu, Félagi íslenskra rannsóknarlögreglumanna og Ákærendafélaginu. Þá var einnig leitað til ríkislögreglustjóra annars staðar á Norðurlöndum. Af skýrslum sem voru til hliðsjónar við þessa vinnu má nefna löggæsluáætlun 2007-2011, áfangaskýrslu um mat á breytingum á nýskipan lögreglu frá apríl 2008, skýrslu verkefnisstjórnar um nýskipan lögreglumála frá janúar 2005 og ársskýrslur lögregluembættanna. Tímans vegna gafst ekki tækifæri til að fara ítarlega í gegnum efnið frá Norðurlöndunum en ýmsar ábendingar sem hafa borist setja mark sitt á nálgun efnisins um grunnþjónustu lögreglunnar.

Í skýrslunni eru öll verkefni¹ lögreglunnar greind með ákveðnum hætti og lagt mat á þau með einkunnagjöf. Næsta skref væri að meta hvert embætti fyrir sig eða landshluta og loks að leggja mat á starfseiningar, deildir eða svið á hverjum stað.


Mannaflapörf lögreglunnar og fjárveitingar til hennar eiga að taka mið af því öryggisstigi og þjónustustigi sem stjórnvöld ákveða hverju sinni. Í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í samfélaginu má ætla að fjárveitingar til lögreglunnar muni hafa nokkur áhrif á þessi atriði (sjá mynd).

¹ Viðfangsefni lögreglunnar geta falið í sér eitt eða fleiri verkefni. Til einföldunar er notað hugtakið *verkefni* í skýrslunni.

Með skertar fjárheimildir mun starfsemi lögreglunnar taka breytingum sem m.a. mun leiða til færri nýráðninga, aukins álags á þá lögreglumenn sem fyrir eru auk þess sem sum verkefni grunnþjónustu getur þurft að leggja til hliðar.



Á myndinni hér að neðan má sjá heildarfjölda verkefna sem lögreglan sinnir í dag og fjallað er um í þessari skýrslu. Greind hafa verið 527 verkefni út frá lögum, reglugerðum, samningum, áherslum stjórnvalda o.fl. Þar af falla 384 undir grunnþjónustu lögreglunnar og 143 undir stoðþjónustuna. Nánar er fjallað um verkefni lögreglunnar í kafla 4 og 5. Hafa ber í huga að ekki er um tæmandi lista að ræða.



Í kafla 2 er fjallað um helstu niðurstöður greiningar ríkislögreglustjóra. Í kafla 3 er fjallað nánar um hvernig ríkislögreglustjóri hefur nálgast viðfangsefnið og þar eru helstu hugtök skilgreind. Í kafla 4 er fjallað um grunnþjónustuna þar sem m.a. er farið nánar í hvernig lagt er upp með að forgangsraða verkefnum lögreglunnar. Kafli 5 fjallar um stoðþjónustuna en undir hana falla m.a. tölvudeild, starfsmannahald, rekstur og ýmis stjórnsýsluleg verkefni. Við greiningu á grunnþjónustu koma í ljós verkefni sem lögreglunni ber ekki sinna en sinnir þó og verkefni sem ef til vill gætu verið í höndum annarra. Í lokakaflanum er fjallað um þau verkefni sem ríkislögreglustjóri leggur til að verði metin á ný og ef til vill færð frá lögreglunni svo að hún geti betur sinnt grunnþjónustunni.

Með þessari skýrslu fylgir geisladiskur með skjali í excel-sniðmáti um greiningu á grunnþjónustu lögreglunnar. Til þæginda er skýrslan sjálf á disknum í PDF-sniðmáti. Þar er dregin fram greining ríkislögreglustjóra á grunnþjónustu lögreglunnar og talin upp þau verkefni sem tilheyra grunnþjónustunni. Þá er tekið saman hvernig verkefnin skiptast á einstaka starfseiningar, um hvaða löggæsluform er að ræða: hvort mælt er fyrir verkefni í löggjöf, hvort það leiðir af eðli máls eða ákvörðun lögreglustjóra. Niðurstöður er hægt að skoða út frá mismunandi forsendum og forgangsröðum verkefna.

Skýrsluna unnu þeir Pétur Berg Matthíasson stjórn mála- og stjórnsýslufræðingur og Sólberg S. Bjarnason aðstoðaryfirlögregluþjónn undir stjórn Guðmundar Guðjónssonar yfirlögregluþjóns.

2. Niðurstöður

Niðurstöður í þessum kafla snúa eingöngu að grunnþjónustu lögreglunnar. Til að tryggja grunnþjónustuna þarf gott skipulag, stjórnun og eftirlit með starfseminni. Í því felst að ná fram góðri þjónustu á hagkvæman hátt. Þá eru í skýrslunni ítarlegar upplýsingar um grunnþjónustuna og stoðþjónustu lögreglunnar.

Það eru 384 verkefni sem flokkuð eru undir grunnþjónustuna skv. lögum, reglugerðum, áherslum stjórnvalda, samningum, vegna eðlis mála og annarra þátta. Verkefnin eru ólík, þau hafa verið greind og forgangsraðað út frá því hvort og með hvaða hætti þau styðja við hlutverk lögreglu, sbr. 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga. Þau verkefni sem ekki hafa beina tengingu eða styðja við 1. gr. laganna teljast til stoðþjónustu.

Almenn lögregla, svörun útkalla í neyð og símsvörun fjarskiptamiðstöðvar eru þau verkefni sem fá mestan forgang innan lögreglunnar. Þessi niðurstaða er fengin með því að vægismeta öll verkefni lögreglunnar og greina hvernig þau standa gagnvart öryggishlutverki, afbrotavarnahlutverki, rannsóknarhlutverki, þjónustu- og hjálparhlutverki, aðstoðarhlutverki, samstarfshlutverki og öðrum verkefnum, sbr. stafaliði a-g 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga. Önnur verkefni sem fá mikinn forgang þvert á allar deildir og svið eru verkefni almannavarnadeildar, ábyrgð lögreglustjóra við leit og björgun, rannsóknir fíkniefnabrota og brota gegn lífi og líkama, auk rannsókna greiningardeildar á landráði og brotum gegn stjórnskipan ríkisins. Hafa ber í huga að um er að ræða ólík verkefni í eðli sínu og að umfangi. Svörun útkalla í neyð er verkefni sem berast lögreglu á hverjum degi en verkefni er snúa að almannavarnadeild eða leit og björgun koma sjaldnar upp og fá þá algjöran forgang. Í töflu 1 má finna lista yfir þau tíu verkefni sem fá hæstu forgangsráðun innan grunnþjónustu lögreglunnar. Fremst í töflunni er númer sem gefur til kynna mikilvægi verkefnis út frá lagalegum skyldum, áherslum og hversu mikið þau tengjast hlutverki lögreglunnar. Verkefni sem fær númerið einn fær mestan forgang, númerið tveir næstmestan o.s.frv.

Tafla 1. Meginverkefni lögreglunnar

Nr.	Hlutverk og skyldur – verkefni	Eðli starfseminnar	Starfseining
1	Útkallsverkefni – neyð	Löggæsla	Almenn lögregla
2	Símsvörun – lögregluverkefni	Löggæsla	Fjarskiptamiðstöð
3	Útkallsverkefni – aðkallandi	Löggæsla	Almenn lögregla
4	Samhæfingar- og stjórnstöð	Varnir gegn ógn	Almannavarnir
5	Annast forgangsráðun og stjórnun útkallshópa og fyrstu viðbrögð við aðgerðastjórnun	Löggæsla	Fjarskiptamiðstöð
6	Yfirstjórn leitar og björgunar (um björgun sem heyrir undir almannavarnir gilda sérstök lög)	Leit og björgun	Lögreglustjóri - varnir gegn ógn
7	Rannsókn brota – kærð	Rannsókn	Greiningardeild
8	Rannsókn brota – kærð	Rannsókn	Efnahagsbrot
9-10	Rannsókn brota – kærð	Rannsókn	Rannsókn brota - fíkniefnabrot
9-10	Rannsókn brota – kærð	Rannsókn	Rannsókn brota - brot gegn lífi og líkama

Við greiningu á verkefnum lögreglunnar vega þyngst öryggishlutverkið, afbrotavarnahlutverkið og rannsóknarhlutverkið. Verkefni sem hafa þann tilgang að tryggja öryggi borgara, koma í veg fyrir frekari afbrot og rannsaka afbrot vega þyngra við greininguna en önnur verkefni, þó að sum þeirra vegi einnig mjög þungt t.a.m. hjálparhlutverkið.

Niðurstöður á vægismati fyrir hvert hlutverk lögreglunnar

Hér að neðan er birtur listi yfir þau verkefni grunnþjónustu sem fá mestan forgang út frá mikilvægi og hversu vel þau styðja við hlutverk lögreglu og einstaka þætti þess. Hvað nánari niðurstöður og forgangs röðun varðar er vísað til excel-skjals á meðfylgjandi geisladiski. Þrátt fyrir mikinn fjölda verkefna sem snúa að grunnþjónustunni er hér eingöngu fjallað um þau 10-15 allra mikilvægustu. Túlka ber töflurnar á þann veg að það verkefni sem fær númerið einn í fyrsta dálki skipti mestu máli til að tryggja að lögreglan uppfylli skyldur sínar gagnvart því hlutverki.

Öryggishlutverk

Öryggishlutverkið er meginverkefni lögreglunnar en það felur í sér að gæta almannaoðryggis, halda uppi lögum og reglu, að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi. Mikilvægi öryggishlutverksins hefur aukist á síðustu árum, sem að hluta skýrist af því að brotum sem fela í sér skipulagða glæpastarfsemi hefur fjölgað.

Tafla 2. Öryggishlutverk lögreglunnar

Nr.	Hlutverk og skyldur – verkefni	Eðli starfseminnar	Starfseining
1-2	Útkallsverkefni – neyð	Löggæsla	Almenn lögregla
1-2	Símsvörun – lögregluverkefni	Löggæsla	Fjarskiptamiðstöð
3	Samhæfingar- og stjórnstöð	Varnir gegn ógn	Almannavarnadeild
4	Yfirstjórn leitar og björgunar (um björgun sem heyrir undir skipulag almannavarna gilda sérstök lög)	Leit og björgun	Lögreglustjóri – varnir gegn ógn
5	Skipuleggur og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns af ofanflóðum	Varnir gegn ógn	Almannavarnadeild – almannavarnanefndir
6-8	Útkallsverkefni – aðkallandi	Löggæsla	Almenn lögregla
6-8	Annast forgangsröðun og stjórnun útkallshópa og fyrstu viðbrögð við aðgerðastjórnun	Löggæsla	Fjarskiptamiðstöð
6-8	Starfræksla sérstakrar aðgerðastjórnar, tengd sérstökum verkefnum undir stjórn ríkislögreglustjóra	Innri aðstoð	Fjarskiptamiðstöð
9-11	Annast áhættugreiningu vegna einstaklinga og aflar upplýsinga til verndar og öryggisgæslu fyrir æðstu stjórn ríkisins	Afbrotavarnir	Greiningardeild
9-11	Tekur þátt í undirbúningi aðgerða til stuðnings lögreglunnar í landinu og aflar upplýsinga í málum er tengjast öryggi ríkisins	Löggæsla	Greiningardeild
9-11	Veitir ráðgjöf um viðbúnað sem hefur þýðingu fyrir hagsmuni ríkisins og þjóðhagslega mikilvæga starfsemi	Aðstoð/samstarf	Greiningardeild

Mikilvægustu verkefni á sviði öryggishlutverksins falla að starfsemi almennrar lögreglu og fjarskiptamiðstöðvar. Þessar tvær deildir veita nær öllum öðrum starfseiningum mjög mikilvægan stuðning og aðstoð í störfum þeirra. Næst á eftir koma verkefni sem snúa að vernd gegn náttúrulegri ógn eða hamförum, s.s. starfsemi almannavarna og skyldur lögreglustjóra við leit og björgun. Áhættugreining og önnur störf greiningadeildar tengjast mest öryggishlutverkinu en þar á eftir kemur starfsemi sérsveitar við úrlausn sérstakra verkefna þar sem veruleg hættu steðjar að öryggi lögreglumanna og borgara. Þar á eftir kemur starfsemi rannsóknardeilda.

Afbrotavarnahlutverk

Meginhlutverk lögreglunnar við afbrotavarnir er skylda hennar þegar brot er yfirvofandi og til að stöðva ólögmæta starfsemi, en hér fellur einnig undir allt forvarnastarf lögreglu. Lögreglan á að koma í veg fyrir afbrot og koma í veg fyrir aðgerðir/athafnir sem geta valdið hættu fyrir borgarana eða ríkið.

Tafla 3. Afbrotavarnahlutverk lögreglunnar

Nr.	Hlutverk og skyldur – verkefni	Eðli starfseminnar	Starfseining
1	Útkallsverkefni – neyð	Löggæsla	Almenn lögregla
2	Símsvörun – lögregluverkefni	Löggæsla	Fjarskiptamiðstöð
3-7	Útkallsverkefni – aðkallandi	Löggæsla	Almenn lögregla
3-7	Annast forgangsörðun og stjórnun útkallshópa og fyrstu viðbrögð við aðgerðastjórnun	Löggæsla	Fjarskiptamiðstöð
3-7	Annast áhættugreiningu vegna einstaklinga og aflar upplýsinga til verndar og öryggisgæslu fyrir æðstu stjórn ríkisins	Afbrotavarnir	Greiningardeild
3-7	Almannavarnanefnd gerir viðbragðsáætlanir	Varnir gegn ógn	Almannavarnadeild – almannavarnanefndir
3-7	Áhættumat – metur hættu og áhættu vegna skipulagðrar glæpastarfsemi og hryðjuverka	Afbrotavarnir	Greiningardeild
8-12	Tekur þátt í undirbúningi aðgerða til stuðnings lögreglunnar í landinu og aflar upplýsinga í málum er tengjast öryggi ríkisins	Löggæsla	Greiningardeild
8-12	Ákvörðun um vástig, yfirtaka og stjórn aðgerða við hækkað vástig – tengt flug- og siglingavernd	Löggæsla	Flug- og siglingavernd – ríkislögreglustjóri
8-12	Úrlausn og framkvæmd sérstakra verkefna/áherslna	Afbrotavarnir	Lögreglustjóri – skylduverkefni upplýsingamál og afbrotavarnir
8-12	Úrlausn og framkvæmd sérstakrar aðstoðar/samstarfs á sviði afbrotavarna	Aðstoð/samstarf	Lögreglustjóri – skylduverkefni upplýsingamál og afbrotavarnir
8-12	Úrlausn sérstakra verkefna – öryggisgæsla, -fylgd og -eftirlit	Löggæsla	Sérsvait

Verkefni almennrar lögreglu og fjarskiptamiðstöðvar skipta mestu máli þegar kemur að því að uppfylla afbrotavarnahlutverkið. Næst á eftir koma fyrirbyggjandi aðgerðir greiningardeildar, starfsemi almannavarna og verkefni lögreglustjóra og nefnda á sviði almannavarna. Verkefni upplýsingamála og afbrotavarna er snúa að almennri afbrotagreiningu og framkvæmd sérstakra aðgerða gegn afbrotum styðja jafnframt við afbrotvarnarhlutverkið ásamt starfsemi sérsvaitar við úrlausn sérstakra verkefna.

Rannsóknarhlutverk

Rannsóknarhlutverkið felur í sér að vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögsmæta starfsemi (gjörðir) og að fylgja málum eftir í samræmi við lög um meðferð sakamála og önnur lög. Áhersluatriði þessa sviðs er hlutlæg framkvæmd lögreglurannsóknar og að málsmeðferð ljúki innan hæfilegs tíma. Markmiðið er að lögreglan upplýsi sem flest afbrot sem koma til rannsókna.

Tafla 4. Rannsóknarhlutverk lögreglunnar

Nr.	Hlutverk og skyldur – verkefni	Eðli starfseminnar	Starfseining
1-5	Rannsókn brota – kærð	Rannsókn	Greiningardeild
1-5	Rannsókn brota – kærð	Rannsókn	Efnahagsbrot
1-5	Rannsókn brota – kærð	Rannsókn	Rannsókn brota – fíkniefnabrot
1-5	Rannsókn brota – kærð	Rannsókn	Rannsókn brota – brot gegn lífi og líkama
1-5	Móttaka og greining á kærðum	Rannsókn	Lögreglustjóri skylduverkefni - kærðumóttaka
6	Samvinna við lögreglu um rannsókn refsiverðra brota	Rannsókn	Ákæra og saksókn
7	Útkallsverkefni – neyð	Löggæsla	Almenn lögregla
8-10	Rannsókn brota – kærð	Rannsókn	Rannsókn brota – auðgunarbrot
8-10	Rannsókn brota – kærð	Rannsókn	Rannsókn brota – brot gegn sérrefsilögum og öðrum lögum
8-10	Rannsókn brota – kærð	Rannsókn	Rannsókn brota – brot gegn fjármunum og skjalabrotum

Einn þáttur við rannsókn brota er að taka á móti brotapolum og skrá kærur þeirra á hlutlægan hátt og af tillitssemi. Hér skipta spurningar og svör miklu um öflun upplýsinga. Þá er mikilvægt að gott samstarf sé við ákærendur. Starfsemi almennrar lögreglu í útkallsverkefnum spilar veigamikinn þátt við uppljóstran brota því að öll fyrstu störf lögreglumanna á vettvangi brots stuðla að einföldun og skilvirkni rannsókna á síðari stigum. Þar á eftir koma frumkvæðisrannsóknir og sérhæfð aðstoð tæknideildar, sérsveitar og tölvurannsókna- og rafeindadeildar og alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra sem annast samskipti við lögreglufyrirvöld í öðrum ríkjum. Hér skiptir máli aðild Íslands að Interpol og Europol sem alþjóðadeildin annast miðlægt fyrir lögregluna í öllum umdæmum.

Þjónustu- og hjálparhlutverk

Það jákvæða viðhorf sem almennt ríkir í garð lögreglunnar byggir að hluta á því hvernig lögreglan sinnir þjónustu- og hjálparhlutverkinu. Í því felst að greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar vandi eða hætta steðjar að.

Tafla 5. Þjónustu- og hjálparhlutverk lögreglunnar

Nr.	Hlutverk og skyldur – verkefni	Eðli starfseminnar	Starfseining
1-3	Útkallsverkefni – neyð	Löggæsla	Almenn lögregla
1-3	Útkallsverkefni – aðkallandi	Löggæsla	Almenn lögregla
1-3	Almenn þjónusta og aðstoð við stjórnvöld, stofnanir, almenning og fyrirtæki um málefni sem ekki tengjast brotum eða flokkast undir hlutverk og skyldur lögreglu að öðru leyti	Þjónusta	Almenn lögregla
4-5	Símsvörðun – móttaka tilkynninga, leiðbeiningar og aðstoð – ekki lögregluverkefni	Þjónusta	Fjarskiptamiðstöð
4-5	Upplýsingasöfnun/-miðlun til handa stjórnvöldum, stofnunum, almenningi og fyrirtækjum	Þjónusta	Almenn lögregla
6	Símsvörðun – lögregluverkefni	Löggæsla	Fjarskiptamiðstöð
7	Viðtækt hlutverk tengt skipstrandi	Leit og björgun	Lögreglustjóri skylduverkefni á sviði stjórnsýslu
8	Yfirstjórn leit og björgun (um björgun sem heyra undir skipulag almannavarna gilda sérstök lög)	Leit og björgun	Lögreglustjóri – varnir gegn ógn
9-14	Samhæfingar- og stjórnstöð	Varnir gegn ógn	Almannavarnir
9-14	Útkallsverkefni – ekki aðkallandi	Löggæsla	Almenn lögregla
9-14	Móttaka og greining á kærum	Rannsókn	Lögreglustjóri skylduverkefni - kærumóttaka
9-14	Innlent og erlent samstarf/aðstoð	Aðstoð/samstarf	Rannsókn brota– brot gegn lífi og líkama
9-14	Upplýsingasöfnun/-miðlun	Rannsókn	Rannsókn brota – brot gegn lífi og líkama
9-14	Gefur út vegabréf til bráðabirgða (neyðarvegabréf), getur framlengt gildistíma vegabréfa	Stjórnsýsla	Lögreglustjóri – útgáfa leyfa, skilríkja og heimilda

Þau verkefni lögreglu sem skipta mestu máli er starfsemi almennrar lögreglu og fjarskiptamiðstöðvar en báðar starfseiningarnar eru þær stöðir lögreglu sem veita hvað mesta þjónustu. Þær eru í mestum samskiptum við borgarana, stjórnvöld, stofnanir og fyrirtæki, hvort sem störfin tengjast afbrotum, þjónustu eða almennri aðstoð. Starfsemi á sviði almannavarna er jafnframt mikilvæg enda skipta áætlanir og framkvæmd almannavarna lykilhlutverki þegar upp kemur vá. Næst kemur almenn aðstoð, samstarf, móttaka og miðlun upplýsinga til allra starfseininga lögreglu.

Aðstoðarhlutverk

Aðstoðarhlutverkið felst í því að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna svo sem mælt er fyrir í lögum eða leiðir af venjum. Þetta hlutverk er ekki alltaf sýnilegt borgurunum en getur verið mikilvægt fyrir dómstóla, á sviði samkeppnismála, fyrir barnaverndaryfirvöld og fleiri sem treysta á aðkomu lögreglu við tiltekin úrlausnarefni, oft á lokastigi í starfi þeirra.

Tafla 6. Aðstoðarhlutverk lögreglunnar

Nr.	Hlutverk og skyldur – verkefni	Eðli starfseminnar	Starfseining
1-2	Útkallsverkefni – neyð	Löggæsla	Almenn lögregla
1-2	Útkallsverkefni – aðkallandi	Löggæsla	Almenn lögregla
3-13	Símsvörun – lögregluverkefni	Löggæsla	Fjarskiptamiðstöð
3-13	Rannsókn brota – kærð	Rannsókn	Greiningardeild
3-13	Annast áhættugreiningu vegna einstaklinga og aflar upplýsinga til verndar og öryggisgæslu fyrir æðstu stjórn ríkisins	Afbrotavarnir	Greiningardeild
3-13	Almannavarnanefnd gerir viðbragðsáætlanir	Varnir gegn ógn	Almannavarnadeild – almannavarnanefndir
3-13	Veitir ráðgjöf um viðbúnað sem hefur þýðingu fyrir hagsmuni ríkisins og þjóðhagslega mikilvæga starfsemi	Aðstoð/samstarf	Greiningardeild
3-13	Úrlausn sérstakra verkefna – sérsveitarverkefni	Löggæsla	Sérsveit
3-13	Lögfræðilegar leiðbeiningar/fyrirmæli	Innri aðstoð	Ákæra og saksókn
3-13	Rannsókn brota – frumkvæði	Rannsókn	Greiningardeild
3-13	Úrlausn sérstakra verkefna – öryggisgæsla, -fylgd og -eftirlit	Löggæsla	Sérsveit
3-13	Saksóknari (ákæruvaldið) – almenn aðstoð við störf ákærvalds	Aðstoð/samstarf	Lögreglan skylduverkefni - samstarf
3-13	Almenn þjónusta og aðstoð við stjórnvöld, stofnanir, almenning og fyrirtæki um málefni sem ekki tengjast brotum eða flokkast undir hlutverk og skyldur lögreglu að öðru leyti	Þjónusta	Almenn lögregla

Almenn lögregla er sú starfseining sem veitir öðrum oftast aðstoð við framkvæmd starfa sinna og því skiptir hún meginmáli þegar kemur að því að uppfylla þetta hlutverk. Í þessari aðstoð getur falist ákveðin vernd gagnvart þeim sem málin heyra undir en fá ekki lokið við þau vegna andstöðu þeirra sem málin snúast um. Sem fyrr er starfsemi fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra mikilvæg sem hlekkur í þessu aðstoðarhlutverki, auk þess sem fjarskiptamiðstöðin veitir upplýsingar og stuðning við stjórnun almennrar lögreglu á vettvangi. Starfsemi greiningardeildar spilar veigamikinn þátt í að veita yfirvöldum vernd, bæði með greiningarstarfi, fyrirbyggjandi aðgerðum og rannsókn brota.

Samstarfshlutverk og önnur verkefni

Það er lögreglu mikilvægt að vera í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast störfum lögreglunnar. Þetta samstarf hefur aukist á síðari árum og er þjálft á flestum sviðum. Á hinn bóginn getur lögreglan þurft að forgagnsraða þegar mörg verkefni berast á sama tíma eins og oft gerist. Þá geta störf í þágu annarra þurft að bíða.

Tafla 7. Samstarfshlutverk og önnur verkefni lögreglunnar

Nr.	Hlutverk og skyldur – verkefni	Eðli starfseminnar	Starfseining
1-15	Útkallsverkefni – neyð	Löggæsla	Almenn lögregla
1-15	Símsvörun – lögregluverkefni	Löggæsla	Fjarskiptamiðstöð
1-15	Útkallsverkefni – aðkallandi	Löggæsla	Almenn lögregla
1-15	Símsvörun – móttaka tilkynninga, leiðbeiningar og aðstoð – ekki lögregluverkefni	Þjónusta	Fjarskiptamiðstöð
1-15	Samstarf við félagsmálafyrirvöld	Aðstoð/samstarf	Lögreglustjóri – skylduverkefni upplýsingamál og afbrotavarnir

1-15	Samstarf við heilbrigðisyfirvöld	Aðstoð/samstarf	Lögreglustjóri – skylduverkefni upplýsingamál og afbrotavarnir
1-15	Samstarf við menntamálayfirvöld	Aðstoð/samstarf	Lögreglustjóri – skylduverkefni upplýsingamál og afbrotavarnir
1-15	Eftirlit með eftirlitsmyndavélum – mikilvægir hagsmunir	Löggæsla	Fjarskiptamiðstöð
1-15	Seta í samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga	Stjórnsýsla	Lögreglustjóri skylduverkefni á sviði stjórnsýslu
1-15	Seta í almannavarna- og öryggismálaráði	Stjórnsýsla	Lögreglustjóri skylduverkefni á sviði stjórnsýslu
1-15	Seta í almannavarnanefnd sem sveitarstjórn skipar	Stjórnsýsla	Lögreglustjóri skylduverkefni á sviði stjórnsýslu
1-15	Alþjóðasamskipti á sviði löggæslu – almennt	Innri aðstoð	Alþjóðadeild
1-15	Innlent og erlent samstarf/aðstoð	Aðstoð/samstarf	Greiningardeild
1-15	Almenn þjónusta og aðstoð við stjórnvöld, stofnanir, almenning og fyrirtæki um málefni sem ekki tengjast brotum eða flokkast undir hlutverk og skyldur lögreglu að öðru leyti	Þjónusta	Almenn lögregla
1-15	Upplýsingasöfnun/-miðlun: stjórnvöld, stofnanir, almenningur og fyrirtæki	Þjónusta	Almenn lögregla

Sem fyrr eru það verkefni almennrar lögreglu og fjarskiptamiðstöðvar sem fá mestan forgang. Þá koma ýmis samstarfsverkefni á sviði upplýsingamála- og afbrotavarna og verkefni lögreglustjóra á sviði stjórnsýslu. Þar á eftir eru verkefni upplýsingamála- og afbrotavarna og rannsóknardeilda. Í lokin eru það hlutverk og skyldur sem lögreglu ber að sinna í samstarfi við aðra, samkvæmt lögum og reglugerðum.

3. Þjónusta lögreglunnar

Einu lögin sem fjalla sérstaklega um lögregluna eru lögreglulög, nr. 90/1996. Þau fjalla um lögregluna sem stofnun þjóðfélagsins er hefur með höndum löggæslu í víðustu merkingu. Sakamálalögin nr. 88/2008, áður lög um meðferð opinberra mála (oml.) nr. 19/1991, fjalla um atriði er varða ákærvald lögreglustjóra, lögreglurannsókn brota og heimildir. Einnig er víða í öðrum lögum að finna ákvæði sem á einn eða annan hátt fjalla um lögregluna. Við leit á vef Alþingis kemur í ljós að orðið *lögregla* (*lögregl**) birtist í 157 lögum sem samþykkt hafa verið (1. september 2009). Það sama er að segja um reglugerðir, en orðið *lögregla* (*lögregl**) finnst í um 160 reglugerðum sem enn eru í gildi þegar leitað er eftir orðinu á vefnum www.greinargerd.is. Almennt má segja að innan þeirra laga og reglna sem um lögregluna fjalla sé notkun hugtaka mjög á reiki. Við greiningu verkefna í þessari skýrslu var reynt að greiða úr þessum vanda.

Grunnþjónusta lögreglunnar er í meginatriðum skilgreind í 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga, sbr. m.a. sakamálalögin. Kveðið er nánar á um víðtækt hlutverk hennar í öðrum lögum og reglugerðum auk þess sem starf hennar hefur markast af venju að teknu tilliti til þróunar og efnistaka lögreglunnar við verkefni í þjóðfélaginu. Útgangspunkturinn í vinnu ríkislögreglustjóra við greiningu á grunnþjónustu lögreglunnar er 1. gr. lögreglulaga.

Hlutverk lögreglunnar

Hlutverk lögreglu er skilgreint þannig í 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996:

- a. að gæta almannaoýruggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi,
- b. að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins,
- c. að vinna að upplýstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð [sakamála] eða öðrum lögum,
- d. að greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta steðjar að,
- e. að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á,
- f. að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu,
- g. að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í lögum eða leiðir af venju.

Hlutverk lögreglunnar er ekki skýrt nánar, né hvað í því felst, umfram það sem hér kemur fram. Til dæmis er hvorki talin upp tegund né eðli verkefnanna, hvort forgangsraða þurfi þessum verkefnum eða hvort þau standi jafnfætis í forgangsroð. Þegar hver og einn liður 2. mgr. er skoðaður er ljóst að nauðsynlegt er að skýra betur hvað í ákvæðinu felst til þess að lögreglustjórar vinni að sömu verkefnum og forgangsraði allir á sambærilegan hátt.

Í 2. mgr. 1. gr. er hlutverk lögreglunnar greint í sjö liðum og hvern lið má túlka mjög vítt. Því er ógerningur að greina nákvæmlega takmörk lögreglunnar og starfsskyldur. Þetta er vandamál sem ríkislögreglustjóri telur að hægt sé að leysa með því að greina öll verkefni lögreglunnar og forgangsraða þeim. Hér að neðan er farið yfir það sem telja má til annmarka í a-g-liðum í 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga.

Annmarkar á 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga

Í a-lið er leitast við að setja fram grundvallarhlutverk lögreglu, þ.e. að lögreglan eigi að þjóna samfélaginu og tryggja öryggi þess með því að gæta almenningss og vernda fyrir ólögmætum

aðgerðum eða aðgerðaleyzi. Ákvæðið segir hins vegar ekki hvernig því skuli háttað/framfylgt eða hvort einhverjir hagsmunir séu veigameiri en aðrir.

Samkvæmt b-lið á lögreglan að koma í veg fyrir afbrot og koma í veg fyrir aðgerðir/athafnir sem geta valdið hættu gagnvart borgurum eða ríkinu. Þrátt fyrir orðalag greinargerðar með ákvæðinu um að lögreglan eigi að sinna forvarnastarfi og að áherslubreyting hafi orðið innan lögreglunnar, má ekki túlka ákvæðið svo vítt að í því felist lögbundin skylda lögreglu til að sinna forvarnastarfi hverju nafni sem það nefnist. Ríkislögreglustjóri hefur unnið að því á síðustu árum að efla afbrotavarnahlutverk lögreglunnar með því að innleiða aðferðir verkefnaðráðar löggæslu. Mörg verkefni sem lögreglan hefur sinnt undanfarna áratugi eru nú í höndum nýrra stofnana eins og Lýðheilsustöðvar og Umferðarstofu.

Í c-lið er fjallað um skyldu lögreglu til að rannsaka ólögmæta háttsemi og stöðva hana. Þetta er einnig eitt af grunnhlutverkum lögreglu en taka verður fram að ekki eru leiðbeiningar í ákvæðinu um hvort öll ólögmæt starfsemi falli hér undir, hverjir megi biðja um stöðvun ólögmætrar starfsemi og hvort aðrir en lögregla hafi hlutverki að gegna í þessum efnum. Fjallað er um þjónustu- og hjálparhlutverk lögreglu í d-lið, en eins og í öðrum liðum ákvæðisins er það lagt í hendur framkvæmdarvaldsins að túlka hversu víðtækt það er.

Það er hægt að tengja e-lið við c-lið að því leyti að hann kemur inn á kröfur einkaréttarlegs eðlis sem önnur stjórnvöld hafa úrskurðað um og þörf er á valdbeitingu til að framfylgja. Í e-lið er jafnframt tekið til krafna opinbers réttar. Ákvæði um slíka aðstoð er að finna í ýmsum lögum en í greinargerð með lögreglulögunum er fjallað um hversu víðtækt þessi heimild er. Leiða má að því líkur að hlutverk lögreglu í þessu ákvæði sé að finna í a-lið, þó vikkar e-liður hlutverkið og þarf sérstaklega að skoða hvort það eigi að teljast eitt af grunnhlutverkum lögreglu að hringja út og boða skuldara í fjárnám, svo að dæmi sé tekið.

Að óbreyttu orðalagi er f-liður mjög óljós. Þegar greinargerðin er skoðuð má sjá að þau hlutverk sem lögregla hafði við setningu laganna á grundvelli þessa ákvæðis eru ekki lengur á hennar hendi, þ.e. hlutverk hafa verið færð annað. Á það hefur verið bent að forræðishyggju er að finna í f-lið og virðist tilgangur ákvæðisins sá að tryggja aðkomu lögreglu að sem flestum málum sem ljóst er að aðrir eiga að sinna.

Fyrir liggur að í gegnum tíðina hefur lögreglan sinnt ýmsum verkefnum, sbr. g-lið, sem ekki hafa verið lögfest og er jafnvel um að ræða verkefni sem lögreglan ætti ekki að sinna. Má hér nefna verkefni eins og að opna læsta bíla, taka skýrslur fyrir tryggingafélög og ýmis viðvik vegna einkamála. Nefnt hefur verið að lögreglan skuli veita tiltekna þjónustu þar sem hún er annars ófánleg og fyrir ekki svo löngu ríkti þetta viðhorf sérstaklega í smærri lögregluumdæmum. Með auknum verkefnafjölda og nánara eftirliti með dreifingu fjármuna hefur verkefnum sem þessum hægt og bítandi verið úthýst enda er það óeðlilegt að starfssvið lögreglumanna ráðist af því hvaða einkaréttarleg þjónusta er í boði á hverjum stað.

Mikilvægt er að endurskoða og takmarka gildissvið 1. gr. lögreglulaga til að samræma og skýra betur grunnþjónustu lögreglunnar.

Eðli og gæði þjónustu

Þjónusta er flókið fyrirbæri sem skilgreina má á marga vegu. Þjónusta getur verið ákveðin atvinnustarfsemi, hún getur verið persónuleg eða mögulega einhvers konar afurð eða framleiðsla. Finna má margar skilgreiningar á þjónustu í fræðiritum. Allar hafa þær sína kosti og galla og flestar eiga það sameiginlegt að vera of takmarkaðar. Sænski prófessorinn Christian Grönroos hefur tekið saman nokkrar skilgreiningar á þjónustu. Samkvæmt Grönroos er þjónusta aðgerð eða röð aðgerða sem notaðar eru til að leysa vandamál viðskiptavina. Í þessu tilfelli er lögreglan þjónustuaðili og verkefni hennar eru aðgerðir eða röð aðgerða sem eiga sér stað í samskiptum við ytri og innri viðskiptavinum (önnur lögreglulið, brotþola, sakborninga, stofnanir, almenning, fjölmiðla o.fl.).

Þjónusta kann einnig að fela í sér stigsmun eins og þegar talað er um þjónustustig. Gæði þjónustunnar verða hins vegar ekki metin af lögreglunni einni og sér heldur viðskiptavinum sem lýsa þjónustunni út frá reynslu sinni. Lögreglan hefur á síðustu árum leitað æ meira eftir mati viðskiptavina á þjónustunni og litið til mælinga Gallups og þolendakannana á trausti þar sem þjónustan og öryggistilfinning almennings er metin.

Við greiningu á þjónustu lögreglunnar hefur hugmyndin um þjónustustig verið notuð, en ekki út frá mati á gæðum. Með notkun kvarða er hægt að forgangsraða verkefnum út frá t.a.m. mikilvægi og alvarleika. Með því að nálgast verkefni lögreglu út frá þessum forsendum er hægt að greina verkefni eins og *aðstoð vegna bilaðrar bifreiðar* sem hluta af grunnþjónustu, þar sem það fellur undir d-lið 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga um að greiða götu borgaranna. Slíkum verkefnum er síðan forgangsraðað eftir ákveðnum kvarða (hættu- og hraðamati) sem leiðir af sér hvernig lögreglan mun sinna því. Það er ekki hægt að segja að viðkomandi verkefni sé ekki grunnþjónusta þar sem lögreglunni er skylt að aðstoða viðkomandi skv. lögnum. Þessi nálgun er notuð til að meta verkefni lögreglunnar.

Með því að forgangsraða verkefnum eftir ákveðnum aðferðum er hægt að leggja mat á það hvaða verkefnum lögreglan á að sinna og hvaða verkefnum má ef til vill draga úr eða fela öðrum við tiltekna aðstæður, s.s. þegar fjárheimildir eru takmarkaðar.

Gæðastjórnun

Lögreglan er þjónustustofnun. Öll verkefni hennar felast í að veita viðskiptavinum margvíslega þjónustu sem innt er af hendi með framkvæmd verkefna.

Greining viðskiptavina

Sem þjónustustofnun er það lögreglunni mikilvægt að þekkja viðskiptavinum sína og skilja vel þær kröfur, þarfir og væntingar sem þeir gera til starfseminnar, hvort sem þær eru settar fram með lögum, sem fyrirmæli eða óskir. Viðskiptavinir leggja endanlegan dóm á raunveruleg gæði þjónustunnar. Því er mikilvægt að fylgjast með reynslu og upplifun viðskiptavina til að bregðast við ef eitthvað má gera betur eða hefur farið úrskeiðis. Þannig er leitast við að sjá fyrir kröfur, þarfir og væntingar viðskiptavina, í samtímanum sem og í framtíðinni, með það að markmiði að uppfylla þær á fullnægjandi hátt eða fara fram úr þeim.


Að skilgreina hlutverk og skyldur

Að skilgreina hlutverk starfseminnar og skyldur lögreglunnar er grundvöllur þess að hægt sé að meta verkefni og forgangsraða þeim. Ef hlutverk og skyldur eru ekki vel skilgreind er hætt á að lögreglan taki sér fyrir hendur þjónustu eða verkefni sem falla utan skyldu hennar. Þeir þættir sem móta hlutverk og skyldur lögreglunnar eru margvíslegir og má skipta þeim upp í fjóra meginflokka: stjórnvöld, ytri viðskiptavinum, innri viðskiptavinum og staðbundna áhrifaþætti. Undir hverjum meginflokki er síðan að

finna fjölmarga efnisflokka, t.a.m. lög, reglur, samninga, samstarf, kröfur og væntingar, ásamt venju og eðli máls.

Þríþætt heildarskilgreining á lögreglu

Í ljósi þeirra skipulagsbreytinga sem boðaðar hafa verið innan lögreglunnar telur ríkislögreglustjóri að framkvæma þurfi nákvæma þríþáttaheildargreiningu á hlutverki og skyldum lögreglu. Með þríþáttaskilgreiningu er átt við að fyrst sé lögreglan skilgreind sem ein heild, eftir niðurstöðum úr þeirri skilgreiningu sé síðan hvert embætti/landshluti skilgreint með sama hætti og að lokum hver starfseining eða sambærilegar starfseiningar. Í þessari skýrslu hefur verið unnið að því að skilgreina verkefni lögreglunnar út frá einni heild. Samhliða þessari vinnu leggur ríkislögreglustjóri til að gæðastjórnun verði innleidd í starfsemi lögreglunnar skv. ISO 9000 stöðlunum, sjá mynd.



Mynd 1. Ferlar gæðastjórnunar

Ávinningur greiningar

Sem dæmi um gagnsemi slíkrar greiningar má nefna nýlega úttekt og yfirstandandi endurskipulagningu ríkislögreglustjóra á forvarnastarfi og forvarnaverkefnum lögreglunnar. Við úttekt sem gerð var á málaflokknum í febrúar sl. kom í ljós að þrátt fyrir að verkefni og efnistök embættanna í forvarnamálum væru svipuð væri mikið ósamræmi í vali og framkvæmd verkefna og þeirri þjónustu sem embættin veittu. Jafnframt kom í ljós að lítið samstarf var á milli embættanna, upplýsingagjöf til almennings var mismunandi og handahófskennt var hvort og með hvaða samstarfsaðilum lögregla starfaði.

Í fyrirbyggjandi skýrslu starfshóps sem ríkislögreglustjóri skipaði í kjölfar úttektarinnar er lagt til að lögregla láti að mestu af forvarnastarfi og vinni þess í stað að afbrotavörnum. Jafnframt er lagt til að

nýtt skipulag verði tekið upp sem taki mið af hugmyndafræði gæða- og verkefnastjórnunar þar sem lögð er áhersla á að skilgreina og skrásetja hlutverk og skyldur lögreglu og ábyrgð einstakra lögregluembætta á sviði afbrotavarna. Einnig er lagt til að hlutverk og skyldur samstarfs- og hagsmunaaðila verði skilgreint, m.a. út frá því hvernig starf þeirra tengist eða hefur áhrif á afbrotavarnir lögreglu. Skipulagið sjálft byggist á skýrri og samræmdri stefnumótun, markmiðasetningu og verkefnavali þar sem lögð er áhersla á upplýsingamiðlun, reglulegt uppgjör einstakra verkefna og heildarstarf lögreglu á sviði afbrotavarna en með því er stuðlað að sífelldu mati og umbótastarfi.


Forgangsroðun viðskiptavina

Kjarninn í greiningu ríkislögreglustjóra er hlutverk hennar eins og kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga. Hlutverk lögreglunnar má túlka vítt eða þröngt eins og fram kemur í kaflanum um annmarka fyrstu greinarinnar. Skilgreining ríkislögreglustjóra hefur því annars vegar falist í því að greina verkefni og hins vegar að forgangsraða þeim út frá því hvort og hvernig verkefni styður við skilgreint hlutverk lögreglu í lögreglulögunum.

Nálgun ríkislögreglustjóra felst ekki í því á þessu stigi að taka afstöðu til þess hvort eitthvað megi missa sín í upptalningunni í 1. gr. lögreglulaga eða hvort einhverju eigi að bæta þar við. Miklu frekar hefur greiningin byggst á því að skilgreina nákvæmlega hvað falli undir hvern og einn þátt/hlutverk með eins tæmandi hætti og kostur er. Í kjölfarið er vægi hvers þáttar metið og verkefnum forgangsraðað, að því marki sem slíkt er unnt.

Einn þeirra þátta sem hafa áhrif á forgangsroðun þjónustu er mikilvægi viðskiptavina. Ef um er að ræða sambærileg verkefni/þjónustu þykir rétt, samkvæmt eðli máls, að veita æðstu stjórnvöldum forgang á þjónustu en þar á eftir koma önnur stjórnvöld og stofnanir, almenningur og síðast fyrirtæki, samtök og einstaklingar, sjá mynd 2.

Rétt er þó að árétta að eðli og mikilvægi verkefna vegur þyngra en mikilvægi viðskiptavina þegar kemur að því að forgangsraða erindum.



Mynd 2. Forgangsroðun viðskiptavina


Með því að meta vægi hvers verkefnis og forgangsraða gefst kostur á að bæta verkaskiptingu og greina kostnað við hvert verkefni með nákvæmari hætti. Þá er hægt að skipuleggja hvaða fjármunir eru lagðir í hvern verkefnaflokk, hvaða bjargir (búnað og mannafla) þarf til, er æskilegt að vinna hvern verkefnaþátt fyrir sig á einum stað eða í 6-8 umdæmum, eða með annars konar fyrirkomulagi. Með því að meta vægi verkefna lögreglunnar og forgangsraða þeim er búið að skapa ákveðið gegnsæi og einfalda alla ákvörðunartöku. Ef draga þarf saman í rekstri lögreglunnar, liggur beint við að það fjármagn sem eftir er fari í slíkum tilfellum í allra mikilvægustu málaflokkana til að tryggja grunnþjónustuna. Minniháttar verkefni, sem engu að síður eru skilgreind sem grunnþjónusta, mæta þar með afgangi.

Grunnþjónusta og stoðþjónusta

Ýmsar aðferðir er hægt að nota við greiningu á verkefnum og forgangs röðun. Eins og sjá má á mynd 3 hefur vinna ríkislögreglustjóra falist í því að greina verkefni lögreglunnar út frá lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum sem kveða á um skyldur lögreglunnar. Lögreglan er stofnun og fyrir vikið eru ýmsar aðrar skyldur sem almennt snúa að rekstri stofnana sem fjalla þarf einnig um í þessari greiningu. Hér er m.a. átt við skyldur stofnunar að vera innan fjárlaga. Slík fyrirmæli kveða á um umsýslu er lýtur að rekstri og bókhaldi. Það sem ekki hefur verið útfært í þessari greiningu eru þættir sem snúa að innri og ytri viðskiptavinum og staðbundnum áhrifaþáttum. Þær væntingar hafa mikla þýðingu því að gæði þjónustu lögreglunnar eru m.a. metin af viðskiptavinum, sem geta verið almenningur, brotaþolar, stofnanir, fjölmiðlar o.fl.

Verkefni sem falla undir grunnþjónustu lögreglunnar eru þau sem tengjast beint eða óbeint hlutverki hennar skv. 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga. Starfseiningar sem skilgreindar eru sem grunnþjónusta eru m.a. almenn lögregla, almannavarnir og fjarskiptamiðstöð.

Verkefni stoðþjónustu lögreglunnar falla almennt ekki undir 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga. Þau beinast að innri og ytri viðskiptavinum hennar og eiga sér stoð í öðrum ákvæðum lögreglulaga eða öðrum lögum, reglugerðum o.s.frv. Þessi verkefni eru mikilvæg í rekstri stofnana en dæmi um stoðþjónustu er rekstur tölvukerfa, innkaup, bílamiðstöð o.fl.



Mynd 3. Uppbygging greiningar á þjónustu lögreglunnar

Verkefni sem falla undir stoðþjónustu geta verið mjög mikilvæg og haft forgang fram yfir ýmis verkefni er falla undir grunnþjónustuna. Til að mynda gegnir bílamiðstöð ríkislögreglustjóra mikilvægu hlutverki við að sjá lögregluembættum fyrir ökutækjum og viðhaldi þeirra. Starfsmenn lögreglunnar eru bundnir kjarasamningum og því getur lögreglan ekki verið án launavinnslu. Ýmis önnur lög kveða á um skyldur stofnana. Má þar nefna að skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (lög nr. 10/2008) eiga stofnanir með yfir 25 starfsmenn að hafa sérstaka jafnréttisáætlun. Stoðþjónustan styður við starfsemi lögreglunnar beint eða óbeint og þar með grunnþjónustuna.

Verkefni og mat á forgangsroðun lögreglunnar

Í skýrslu verkefnisstjórnar um nýskipan lögreglunnar er litið svo á að hlutverk lögreglunnar skv. 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga feli í sér upptalningu sem hægt sé að flokka og forgangsraða. Í löggæsluáætlun 2007-2011 var áfram unnið með þessa nálgun og m.a. bætt við áherslum er snúa að innra starfi lögreglunnar. Ákvæðin í 1. gr. laganna voru flokkuð í sex meginhlutverk ásamt öðrum verkefnum í skýrslu verkefnisstjórnar. A-liður fjallar um öryggishlutverk lögreglunnar sem er aðalforgangsverkefni hennar á hverjum tíma. Í b-lið, sem fær næstmestan forgang, er kveðið á um hlutverk lögreglunnar að stemma stigu við afbrotum. Þessi liður fjallar um afbrotavarnahlutverk (forvarnahlutverk) lögreglunnar. Rannsóknarhlutverk lögreglunnar fær þriðja mesta forganginn þar sem kveðið er á um uppljóstrun brota í c-lið. Hér að neðan má sjá töflu sem skýrir nánar forgangsroðun verkefna lögreglunnar út frá 1. gr. laganna.

Tafla 8. Forgangsöröðun: hlutverk lögreglunnar

2. mgr. 1. gr. lögreglulaga	Hlutverk	Forgangsöröðun
Að gæta öryggis, tryggja réttaröryggi og vernda eignarrétt og aðra opinbera hagsmuni	Öryggishlutverkið	Mesti forgangur
Að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins	Afbrotavarnahlutverkið	Næstmesti forgangur
Að vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögsmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum	Rannsóknarhlutverkið	Þriðji mesti forgangur
Að greiða götu borgaranna og aðstoða þá þegar hætta steðjar að	Þjónustu- og hjálparhlutverkið	Fjórdi mesti forgangur
Að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna	Aðstoðarhlutverkið	Þriðji minnsti forgangur
Að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu	Samstarfshlutverkið	Næstminnsti forgangur
Að sinna öðrum verkefnum samkvæmt lögum eða venju	Önnur verkefni	Minnsti forgangur

Þær deildir sem sinna verkefnum skv. lögum, reglugerðum, árangursstjórnunarsamningum og fleiru er falla undir öryggishlutverkið fá forgang umfram þau verkefni er t.a.m. falla undir aðstoðarhlutverkið. Verkefni deilda er tengjast beint þessum hlutverkum teljast til grunnþjónustu lögreglunnar. Þau verkefni er tengjast ekki neinu hlutverki beint kunna að teljast til stoðþjónustu eða verkefna sem ef til má færa til annarra stofnana.

Aðferðir við mat á verkefnum

Aðferðir við mat á verkefnum geta verið mismunandi eftir því hvort um er að ræða grunnþjónustu eða stoðþjónustu. Forgangsöröðun verkefna er hins vegar ekki nýtt viðfangsefni fyrir lögregluna, enda greina flest lögreglulið t.a.m. útköll eftir alvarleika og fyrir vikið er þjónustan mismunandi. Ólíkar aðferðir eru notaðar við greiningu á þessum verkefnum. Við greiningu á t.a.m. útkallsverkefnum lögreglunnar er notast við skilgreiningu á hraðamati (forgangur). Þegar aðstoðarbeiðni berst fjarskiptamiðstöð flokkar hún hana og skilgreinir sem ýmist F1, F2, F3 eða F4. Verkefni sem skilgreind eru sem F1 í kafla 4 fá forgang fram yfir t.a.m. beiðnir sem eru skilgreindar sem F3 eða F4.

Skilgreining á hraðamati (forgangsflokkun):

- F1: Lögreglan er send á vettvang með forgangsakstri án tafar. Talin er þörf á lífsbjargandi aðstoð.
- F2: Lögreglan er send á vettvang með forgangsakstri án tafar. Þörf er á skjótri aðstoð lögreglu svo sem á slysavettvang þar sem sjúkrabifreið er þegar komin á staðinn eða um yfirstandandi afbrot er að ræða.
- F3: Lögregla er send strax á vettvang en án forgangsaksturs. Verkefni þolir ekki bið.
- F4: Lögregla er send á vettvang eins fljótt og aðstæður leyfa án forgangs. Á við um verkefni svo sem skýrslugerð vegna atburða sem eru liðnir, ýmsa aðstoð o.fl.

Við mat á verkefnum rannsóknardeildar er byggt á alvarleika brots og fyrirmælum ríkissaksóknara um málsmeðferðartíma. Með því að byggja á þessum tveimur þáttum er kominn grundvöllur til að forgangsraða rannsóknum eftir alvarleika og þar með er hægt að meta hverjar áherslur lögreglunnar eiga að vera. Dæmi um mál sem fá forgang fram yfir önnur eru þau sem falla undir 91. gr., 193.-194. gr., 218. gr. almennra hegningarlaga þar sem refsiramminn er allt að 16 ára fangelsi.

Fyrirmæli ríkissaksóknara (gildistaka 1. apríl 2009):

- Í líkamsárásarmálum, sbr. 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga skal meðferðartími ekki vera lengri en 90 dagar nema rannsóknarhagsmunir eða aðrar alveg sérstakar ástæður krefji.
- Í nauðgunarmálum samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga skal meðferðartími ekki vera lengri en 60 dagar nema rannsóknarhagsmunir eða aðrar sérstakar ástæður komi í veg fyrir það, svo sem að beðið sé DNA-rannsókna eða annarra sérfræðigagna.
- Í efnahagsbrotum skal markmiðið vera að hefja rannsókn allra mála sem fyrst og eigi síðar en sex mánuðum eftir að kæra berst.

Verkefnum sem falla undir stoðþjónustu lögreglunnar þarf einnig að forgangsraða. Mat á þeim byggist á sams konar viðmiðunum og í grunnþjónustunni, þ.e.a.s. mikilvægi og alvarleika. Þau verkefni sem lögreglan sinnir en ekki er kveðið á um í lögum eða reglugerðum þarf að meta. Einnig kunna að koma upp við greiningu verkefni sem ekki falla undir grunnþjónustu en lögreglan á skv. lögum að sinna. Dæmi um slíkt geta verið boðanir, birtingar og leyfamál sem ef til vill má flytja í hendur annarra stjórnvalda. Verkefni sem byggjast á alþjóðlegri samvinnu þarf að skoða sérstaklega. Sum þeirra, eins og Schengen-samvinnunni, er ekki hægt að draga úr þar sem strangar kröfur eru gerðar til Íslands sem aðila að Schengen-samstarfinu. Önnur samvinna, eins og samstarf á sviði afbrotavarna, fær t.a.m. mun minni forgang en Schengen-samstarfið þar sem minni kröfur eru gerðar, auk þess sem lögreglan hefur ekki sömu lagalegu skyldu hvað þau varðar og gagnvart Schengen-samstarfinu.

Við greiningu á verkefnum kom í ljós að lögreglan innir ýmislegt af hendi sem aðrar stofnanir geta gert. Þetta kom enn betur í ljós þegar tillögur lögreglustjóranna bárust. Þar eru nefnd nokkur verkefni sem lögreglan sinnir en teljast hvorki til grunnþjónustu né stoðþjónustu. Við það að færa þessi verkefni til annarra stofnana skapast tími og fjármunir sem hægt er að verja til að sinna mikilvægari verkefnum.

Greining á grunnþjónustu og stoðþjónustu veitir ítarlega yfirsýn yfir verkefni lögreglunnar en skoða þarf umfang hvers verkefnis þegar meta á mannaflapörf. Mannaflapörf lögreglunnar verður ekki gerð af nákvæmni fyrr en nánari greining liggur fyrir, en hún tekur m.a. mið af skilgreindum verkefnum, mati á forgangi þeirra og umfangi. Hafa þarf sérstaklega í huga að verkefni lögreglunnar krefjast mismikilla úrræða af hálfu hennar. Ýmis brot, þótt alvarleg séu, geta tekið stuttan tíma í rannsókn meðan önnur minniháttar taka jafnvel lengri tíma. Kostnað vegna brota verður hægt að greina betur þegar verkbókhald hefur verið innleitt. Það sama er hægt að segja um útköll þó að forgangsöröðun þeirra gefi að einhverju leyti til kynna að alvarlegri brot muni taka meira tíma en minniháttar brot. Einhver verkefni kunna að fá forgang umfram önnur en sökum þess hversu sjaldan þau koma upp er ólíklegt að lögreglan þurfi að eyða miklum tíma og fjármagni við að sinna þeim. Þessi tími og vinna nýtist því í önnur verkefni sem ef til vill fá síður forgang.

4. Grunnþjónusta

Verkefni sem falla undir grunnþjónustu lögreglunnar eru þau sem tengjast beint eða óbeint hlutverki hennar skv. 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga. Í þessum kafla er gerð grein fyrir þeirri aðferðarfræði sem var notuð til að forgangsraða þessum verkefnum. Einnig er birt samantekt um megin viðfangsefni þeirra deilda og sviða sem falla undir grunnþjónustuna.

Hlutverk lögreglu vægismetið

Upptalning á hlutverki lögreglu í lögreglulögum felur í sér ákveðna forgangs röðun sem rétt þykir að taka mið af við forgangs röðun verkefna. Þar sem hvert hlutverk er margþætt þótti rétt að flokka þau nánar og vægismeta með eftirfarandi hætti, sjá töflu 9.

Tafla 9. Hlutverk lögreglu vægismetið

2. mgr. 1. gr. lögreglulaga.	Hlutverk	Vægi
Að gæta almannaoðryggis	Öryggishlutverkið	13
Að halda uppi lögum og reglu	Öryggishlutverkið	12
Að tryggja réttaröryggi	Öryggishlutverkið	11
Að vernda eignarrétt og aðra opinbera hagsmuni	Öryggishlutverkið	10
Að stemma stigu við afbrotum	Afbrotavarnahlutverkið	9
Að koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins	Afbrotavarnahlutverkið	8
Að vinna að upplýðstrun brota	Rannsóknarhlutverkið	7
Að stöðva ólögmeða háttsemi	Rannsóknarhlutverkið	6
Að fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir í lögum	Rannsóknarhlutverkið	5
Að greiða götu borgaranna eftir því sem við á	Þjónustu- og hjálparhlutverkið	4
Að aðstoða borgaranna þegar hætta steðjar að	Þjónustu og hjálparhlutverkið	3
Að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna	Aðstoðarhlutverkið	2
Að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu	Samstarfshlutverkið	1
Að sinna öðrum verkefnum samkvæmt lögum eða venju	Önnur verkefni	Sleppt þar sem flest verkefni þessa hlutverks tilheyra stoðþjónustu

Verkefni lögreglu

Þó skammur tími hafi verið til stefnu var reynt eftir fremsta megni að fullvinna greiningu á hlutverkum, skyldum og verkefnum lögreglunnar með þeim hætti sem kveðið er á um í þessari skýrslu. Nálgun ríkislögreglustjóra er þessi:

- Fara í gegnum öll lög á vefsvæðinu althingi.is þar sem orðin lögregla, ríkislögreglustjóri, sýslumaður og hreppstjóri koma fyrir.
- Fara í gegnum allar reglugerðir á vefsvæðinu reglugerd.is þar sem orðin lögregla kemur fyrir.
- Fara í gegnum alla virka brota- og verkefnaflokka í lögreglukerfinu, LÖKE.
- Önnur verkefni voru listuð upp en þau snúa að skipulagi löggæslumála, árangursstjórnunar-samningum, stefnumótunarskjölum eða samkvæmt eðli máls.
- Fyrir hvert verkefni voru jafnframt skráðar upplýsingar um hvaða starfseiningu það tilheyrir, um hvaða löggæsluform sé að ræða; hvort mælt er fyrir verkefni í löggjöf, hvort það leiðir af eðli máls eða ákvörðun lögreglustjóra.

Fjöldi verkefna sem féllu undir grunnþjónustu lögreglunnar voru 384 talsins.

Forgangsröðun verkefna

Hvert verkefni grunnþjónustunnar var metið og gefið einkunn út frá því hvort og með hvaða hætti það styðji við hlutverk lögreglu sbr. töflu 9 hér að ofan. Við einkunnargjöfina var notast við eftirfarandi einkunnarskala:

Tafla 10. Skilgreiningar á mikilvægi og forgangsröðun verkefna

Viðmið	Viðmið	Einkunn
Afgerandi, mjög mikilvægt	Lykilhlutverk	5
Mjög, verulega mikilvægt	Verulega mikilvægt	4
Verulega mikilvægt	Mikilvægt	3
Nokkuð mikilvægt	Skiptir máli – hefur áhrif	2
Mikilvægt	Tengist – hefur lítil áhrif	1
Hefur engin áhrif	Tengist ekki – hefur engin áhrif	0

Innan einstaks þáttar í hlutverki lögreglu fæst forgangsröðun verkefna með því að margfalda einkunn verkefnis og vægi hlutverks og leggja síðan saman til að fá heildareinkunn. Því hærri einkunn sem verkefnið fær því hærri forgangsröðun fær það á meðal allra verkefna, líkt og sjá má á eftirfarandi dæmi:

Tafla 11. Öryggishlutverkið – forgangsröðun verkefna

Vægi hlutverks	13	12	11	10	Einkunn	Forgangsröðun
Þáttur hlutverks	Að gæta almanna-öryggis	Að halda uppi lögum og reglum	Að tryggja réttar-öryggi	Að vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og lögmæta starfsemi		(sæti)
Útkallsverkefni – neyð	5	5	5	5	230	1
Rannsókn auðgunar brota - kærð	3	4	4	4	171	13-20
Samstarf við félagsmála-yfirvöld	1	3	1	3	90	104-111
Útgáfa nafnskírteina	0	1	1	1	33	348-377

Út frá hlutverki lögreglu skv. 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga fæst forgangsröðun verkefna með því að leggja saman einkunn verkefnis innan allra hlutverka. Mikilvægasta verkefnið fær hæstu heildareinkunnina og raðast því efst í forgangslistann eins og sjá má í töflu 12. Hafa ber í huga að einstaka verkefni kunna að tengjast nokkrum hlutverkum lögreglunnar og fá því hærri forgangsröðun en önnur sem tengjast einungis einu. Til að mynda tengist rannsókn auðgunarbrota öllum hlutverkum lögreglu á meðan útgáfa nafnskírteina tengist aðeins tveimur.

Tafla 12. Hlutverk lögreglu sbr. 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga – forgangsröðun verkefna

Þáttur hlutverks	Útkallsverkefni- neyð	Rannsókn auðgunarbrot kærð	Samstarf við félagsmálayfirvöld	Útgáfa nafnskírteina
<i>Öryggishlutverk</i>	230	171	90	33
<i>Afbrotavarnarhlutverk</i>	85	17	43	0
<i>Rannsóknarhlutverk</i>	67	66	31	0
<i>Þjónustu- og hjálpahlutverk</i>	35	18	24	8
<i>Aðstoðarhlutverk</i>	10	4	6	2
<i>Samstarfshlutverk</i>	4	2	4	0
Einkunn	431	278	198	43
Forgangsröðun	1	15	77-79	254-256

Grunnþjónusta lögreglu – deildir og svið

Deildir og svið geta tekið breytingum en í flestum tilvikum hafa þær verið settar á laggirnar til að hafa umsjón með tilteknum verkefnum. Með því að skilgreina verkefni á deildir og svið gefst tækifæri til að afmarka betur hvað lögreglunni ber skylda til að inna af hendi.

Hér er fjallað um deildir og svið í starfrófsröð og felst engin forgangsröð í því að almannavarnir séu fyrstar og rannsóknir brota um miðjan kafla. Birt er samantekt um verkefni hverrar deildar/sviðs en í fremsta dálk í töflum eru upplýsingar um forgangsröðun verkefnis meðal allra verkefna sem tilheyra grunnþjónustunni.

Almannavarnir

Hlutverk og skyldur

Hlutverk lögreglunnar er m.a. að starfa skv. lögum nr. 82/2008 um almannavarnir. Ríkislögreglustjóri annast málefni almannavarna í umboði dómsmálaráðherra skv. j-lið 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga og starfrækir almannavarnadeild skv. g-lið 2. mgr. laganna. Þá hefur ríkislögreglustjóri umsjón með að ráðstafanir séu gerðar í samræmi við stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum, hefur eftirlit með skipulagi almannavarna á landinu öllu og eftirlit með almannavörnum sveitarfélaga.

Almannavarnir snúast um það skipulag og stjórnkerfi sem er virkjað á hættustundu skv. 1. gr. laga um almannavarnir. Markmið þeirra er að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir eða takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni eða umhverfi og eignir verði fyrir tjóni, af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum, af völdum farsóttar eða hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum, veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið. Lögin taka til samhæfðra almannavarnaviðbragða til þess að takast á við afleiðingar neyðarástands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og eignum. Löggjöfin kveður á um víðtækt samstarf við aðila sem hafa það sameiginlega markmið að tryggja öryggi almennings með öflun upplýsinga ásamt vöktun, greiningu og mati á hættu.

Samkvæmt lögnum eru almannavarnanefndir skipaðar af sveitarstjórn og felst hlutverk þeirra í stefnumótun og skipulagningu almannavarna í héraði. Almannavarnanefndir vinna að gerð hættumats og viðbragðsáætlana í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Almannavarnanefndirnar starfa innan lögregluumdæmanna 15 og eru þær 22 talsins.

Stjórn almannavarnaaðgerða skiptist í þrjú stjórnstig. Yfirstjórn aðgerða er í samhæfingar- og stjórnstöð. Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarnaaðgerða hver í sínu umdæmi og með þeim í aðgerðarstjórn starfa fulltrúar þeirra sem hafa verkskyldur samkvæmt viðbragðsáætlun. Lögreglustjóri skipar vettvangsstjóra sem fer með samhæfingu og stjórn aðgerða á vettvangi atburðar.

Starfsemi

Almannavarnir eru hluti af grunnþjónustu lögreglunnar sbr. lög nr. 82/2008 um almannavarnir. Starfsemi almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra gegnir lykilhlutverki sbr. 1. gr. lögreglulaga þegar kemur að því að tryggja almannaoöryggi og aðstoða borgarana þegar hætta steðjar að þeim. Almannavarnanefndir gegna mikilvægu hlutverki og eru verkefni þeirra einnig skilgreind í töflu hér að neðan. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum, áherslum og hversu mikið þau tengjast öryggishlutverki og öðrum hlutverkum lögreglunnar. Verkefni sem fær lægsta númerið fær mestan forgang en hæsta númerið minnstan.

Tafla 13. Almannavarnir

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
4	Ríkislögreglustjóri starfrækir samhæfingar- og stjórnstöð	Varnir gegn ógn	Lög um almannavarnir, nr. 82/2008
33-35	Semur viðbragðsáætlanir í samvinnu við einstök ráðuneyti og undirstofnanir þeirra	Varnir gegn ógn	Lög um almannavarnir, nr. 82/2008
33-35	Semur viðbragðsáætlanir fyrir þá hluta íslensks samfélags sem falla ekki undir starfssvið tiltekins ráðuneytis	Varnir gegn ógn	Lög um almannavarnir, nr. 82/2008
33-35	Semur viðbragðsáætlanir í samvinnu við sveitarfélög, yfirumsjón með samvinnu þeirra gegn sameiginlegri hættu	Varnir gegn ógn	Lög um almannavarnir, nr. 82/2008

70	Gefur fyrirmæli um brottflutning fólks af hættusvæði	Varnir gegn ógn	Lög um almannavarnir, nr. 82/2008
80	Tekur ákvörðun um hvort samhæfingar- og stjórnstöð taki við stjórn aðgerða, kannar afstöðu viðkomandi lögreglustjóra	Varnir gegn ógn	Lög um almannavarnir, nr. 82/2008
110-111	Veitir almennar upplýsingar og fræðslu fyrir stjórnvöld, stofnanir, almenning og fyrirtæki um atriði er snúa að ógn/vá og vörnum gegn henni	Þjónusta	Eðli máls
112	Eftirlit með gerð hættumats	Varnir gegn ógn	Lög um almannavarnir, nr. 82/2008
133-135	Ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun um almannavarnastig hverju sinni í samráði við viðkomandi lögreglustjóra ef unnt er og tilkynnir það dómsmálaráðherra	Varnir gegn ógn	Reglugerð um flokkun almannavarnastiga, nr. 650/2009
150-153	Skipuleggur forvarnir, almenningfræðslu, þjálfun og fræðslu á sviði almannavarna	Varnir gegn ógn	Lög um almannavarnir, nr. 82/2008
180-183	Er ráðgefandi fyrir dómsmálaráðherra um efni og gerð viðbragðsáætla	Varnir gegn ógn	Lög um almannavarnir, nr. 82/2008
186-187	Innlent og erlent samstarf/aðstoð	Aðstoð/samstarf	Eðli máls
206-210	Alþjóðasamskipti – Samningur um almannavarnamál milli Norðurlandanna og ESB-ríkja	Aðstoð/samstarf	Byggt á EES-samningnum, desember 2001, og á björgunarsamningi NORDRED, á milli Norðurlandanna um gagnkvæma aðstoð við áföll
227-228	Hefur eftirlit með endurskoðun og samhæfingu viðbragðsaðila, annarra aðila og með stjórn aðgerða, bæði áður og eftir að hættu ber að garði	Varnir gegn ógn	Lög um almannavarnir, nr. 82/2008
287-289	Er ráðgefandi fyrir ráðherra um aðstoð eða liðsinni opinberra aðila eða einkaaðila að útfærslu og markmiðum laganna	Varnir gegn ógn	Lög um almannavarnir, nr. 82/2008
297-298	Ríkislögreglustjóri á fulltrúa í 11 manna stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar	Varnir gegn ógn	Lög um almannavarnir, nr. 82/2008
302-305	Boðar þá sem kvaddir hafa verið til starfa í þágu almannavarna til námskeiða og æfinga	Varnir gegn ógn	Lög um almannavarnir, nr. 82/2008
340-351	Ríkislögreglustjóri sker úr um ágreining í samhæfingar- og stjórnstöð	Varnir gegn ógn	Lög um almannavarnir, nr. 82/2008

Tafla 14. Almannavarnanefndir

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
13	Almannavarnanefnd gerir viðbragðsáætlanir	Varnir gegn ógn	Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997
19-20	Skipuleggur og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns af völdum ofanflóða	Varnir gegn ógn	Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997
188-194	Gefur út leiðbeiningar og annast fræðslu til almennings	Varnir gegn ógn	Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997

Almenn lögregla

Hlutverk og skyldur

Hlutverk almennrar lögreglu er að vera til staðar með viðbragðssveit sem sinnir útköllum. Þess á milli sinnir hún skilvirku eftirliti og frumrannsóknnum mála með það að leiðarljósi að ljúka sem flestum málum í framhaldi af fyrstu afskiptum lögreglumanna. Umferðarmál eru meðal umfangsmestu verkefna almennrar löggæslu en markmiðið með umferðarlöggæslu er sýnileiki í umferðinni og markviss vinnubrögð til að fækka umferðaróhöppum og umferðarslysum og auka öryggi. Almenn lögregla er framvarðarsveit lögreglunnar hverju sinni og gegnir veigamesta hlutverkinu í grunnþjónustu hennar.

Hvergi er kveðið sérstaklega á um það í lögum að lögreglan eigi að starfrækja almenna deild eða umferðardeild. Það leiðir af eðli máls að þau verkefni sem þessar deildar hafa með að gera, s.s. útköll hverfa- og grenndarlöggæsla lögreglunnar, forvarnastarf og umferðarmál, eru þau verkefni sem mestur tími lögreglunnar fer í. Þau verkefni sem skilgreind hafa verið undir almenna lögreglu kunna að einhverju leyti að falla undir aðrar deildir lögreglunnar, s.s. umferðardeild.

Starfsemi

Verkefni almennrar lögreglu teljast til grunnþjónustu lögreglunnar. Almennri lögreglu eru falin mörg verkefni er snúa að öllum hlutverkum lögreglunnar. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum og áherslum og hversu mikið þau tengjast og styðjast við grunnþjónustu lögreglunnar út frá t.a.m. öryggishlutverki og rannsóknarhlutverki. Verkefni sem fær lægsta númerið fær mestan forgang en hæsta númerið minnstan.

Tafla 15. Almenn lögregla

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
1	Útkallsverkefni – neyð	Löggæsla	Lögreglulög, nr. 90/1996 – eðli máls
3	Útkallsverkefni – aðkallandi	Löggæsla	Lögreglulög, nr. 90/1996 – eðli máls
24	Eftirlit – lögskipað	Eftirlit	Eðli máls
26	Útkallsverkefni – ekki aðkallandi	Löggæsla	Lögreglulög, nr. 90/1996 – eðli máls
41	Sérstakt/markvisst eftirlit lögreglu, t.a.m. með lögregluhundum og vegna barna og ungmenna, aksturs undir áhrifum vímuefna og þekktra afbrotamanna	Eftirlit	Eðli máls
49	Lögregluverkefni – lögskipuð	Löggæsla	Lögreglulög, nr. 90/1996 – eðli máls
50-54	Rannsókn mála	Rannsókn	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Lögreglulög, nr. 90/1996. Reglugerð um stjórn lögreglurannsókna o.fl., nr. 192/2008
88-89	Mannfjöldastjórnun	Löggæsla	Lögreglulög, nr. 90/1996 – eðli máls
88-89	Umferðarstjórnun	Löggæsla	Lögreglulög, nr. 90/1996 – eðli máls
129-132	Almennt eftirlit	Eftirlit	Eðli máls
129-132	Almennt eftirlit – umferð	Eftirlit	Eðli máls
162	Almenn þjónusta og aðstoð við stjórnvöld, stofnanir, almenning og fyrirtæki um málefni sem ekki tengjast brotum eða flokkast undir hlutverk og skyldur lögreglu að öðru leyti	Þjónusta	Lögreglulög, nr. 90/1996
180-183	Upplýsingasöfnun/-miðlun til handa stjórnvöldum, stofnunum, almenningi og fyrirtækjum	Þjónusta	Eðli máls

Alþjóðadeild

Hlutverk og skyldur

Ríkislögreglustjóri starfrækir alþjóðadeild sem annast alþjóðleg boðskipti skv. d-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga auk þess sem deildin annast alþjóðasamskipti á sviði löggæslu sbr. 5. gr. Ríkislögreglustjóri rekur og ber ábyrgð á Schengen-upplýsingakerfinu skv. 2. gr. laga um Schengen-upplýsingakerfið. Nánar er fjallað um skyldur ríkislögreglustjóra í reglugerð nr. 112/2001 um Schengen-upplýsingakerfið. Skv. 3. gr. reglugerðarinnar skal ríkislögreglustjóri skipuleggja innra eftirlit með Schengen-upplýsingakerfinu og hefur alþjóðadeild verið falin þau verkefni auk þess sem deildin heldur utan um SIS-gagnagrunninn um eftirlýsta menn sem löggæslustofnanir nota m.a. til að óska eftir því að einstaklingur verði handtekinn og framseldur sbr. 95. gr. Schengen samningsins.

Í lögum nr. 13/1984 um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum eru skilyrði fyrir framsali skilgreind, auk þess sem nánar er fjallað um meðferð framsalsmála. Ríkislögreglustjóri heldur utan um mál þeirra sem eru eftirlýstir af íslenskum yfirvöldum í útlöndum til handtöku og framsals hingað til lands.

Skv. 68. gr. reglugerðar nr. 53/2003 um útlendinga er kveðið á um að Útlendingastofnun taki ákvörðun um að senda fingrafaraupplýsingar til annarra landa á grundvelli Eurodac-reglna. Lögregla annast töku fingrafaranna og sendir þau alþjóðadeild ríkislögreglustjóra ásamt nauðsynlegum upplýsingum, þar á meðal upplýsingum um grundvöll þess að fingraförin voru tekin. Ríkislögreglustjóri annast samskipti við erlend yfirvöld gegnum miðlægan gagnagrunn Eurodac. Í 5. gr. reglugerðarinnar eru sérreglur um komu og brottför skipa, auk þess sem kveðið er á um að Landhelgisgæslan skuli framsenda ríkislögreglustjóra upplýsingar um áhafnir og farþega sem alþjóðadeild vinnur úr og ber saman við SIS gagnagrunninn.

Starfsemi

Alþjóðadeild telst til grunnþjónustu lögreglunnar sbr. 1. gr. lögreglulaga. Deildin gegnir mikilvægu hlutverki í samskiptum lögreglunnar við erlendar löggæslustofnanir og stoðdeildir auk þess sem hún starfrækir ýmis upplýsingakerfi eins og Schengen-kerfið. Flest meginverkefni alþjóðadeilda byggjast á samskiptum, aðstoð og upplýsingaöflun. Slík verkefni vega minna gagnvart öryggishlutverki og rannsóknarhlutverki en t.a.m. móttaka tilkynninga um fíkniefnasíma. Fyrir vikið fá verkefni eins og móttaka upplýsinga úr fíkniefnasíma og tilkynningar um barnaklám meira vægi og eru framar í forgangs röðinni. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefur til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum, áherslum og hversu mikið þau tengjast grunnþjónustu lögreglunnar. Verkefni sem fær lægsta númerið fær mestan forgang en hæsta númerið minnstan.

Tafla 16. Alþjóðadeild

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
46	Móttaka (sími+netfang) tilkynninga, úrvinnsla og framsending upplýsinga um fíkniefni	Löggæsla	Ákvörðun ríkislögreglustjóra
47-48	Móttaka tilkynninga um barnaklám á Internetinu (samningur), miðlun upplýsinga	Rannsókn	Samstarfssamningur milli ríkislögreglustjóra, Barnaheilla og Heimilis og skóla, júní 2009
101	Alþjóðasamskipti á sviði löggæslu – almennt	Innri aðstoð	Lögreglulög, nr. 90/1996
102	Móttaka tilkynninga og samanburður á gögnum um farþega og áhafnir skipa	Löggæsla	Lög um útlendinga, nr. 96/2002. Reglugerð um för yfir landamæri, nr. 1212/2007

129-132	Alþjóðasamskipti og þjónustuskrifstofa – Europol	Aðstoð/samstarf	Samstarfssamningur, 2001 – milli Íslands og Europol
129-132	Alþjóðasamskipti og þjónustuskrifstofa – Interpol	Aðstoð/samstarf	Umsókn ríkisstjórnar um aðild að Interpol árið 1971
138-140	Innlent og erlent samstarf/aðstoð	Aðstoð/samstarf	Eðli máls
138-140	Alþjóðasamskipti og þjónustuskrifstofa – SIRENE-skrifstofa (Shengen)	Aðstoð/samstarf	Lög um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16/2000. Reglugerð um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 112/2001
141-144	Annast alþjóðleg boðskipti – almennt	Innri aðstoð	Lögreglulög, nr. 90/1996
167-168	Eftirlit og aðstoð um framkvæmd og meðferð framsalsbeiðna	Löggæsla	Lög um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984
170-174	Alþjóðasamskipti og þjónustuskrifstofa – PTN-tengslanetið	Aðstoð/samstarf	Norrænn lögreglusamvinnusamningur sem Ísland gerðist aðili að árið 1972. PTN-kerfinu komið á formlega árið 1984
186-187	Umsýsla fyrir Eurodac-fingrafaragagnagrunn hælisleitenda í Schengen	Aðstoð/samstarf	Samningur milli ESB, Noregs og Íslands frá árinu 2001. Nánar kveðið á um fyrirkomulag í reglugerð um útlendinga nr. 53/2003
195-200	Alþjóðasamskipti – Baltic Sea Task Force	Aðstoð/samstarf	Stefna stjórnvalda – óskað eftir því á fundi forsætisráðherra ríkjanna á Álandseyjum 1996. (Við fáum upplýsingar – tókum ekki þátt að öðru leyti.)
202-203	Framkvæmd brottvísunar útlendinga	Löggæsla	Lögreglan ber ábyrgð á framkvæmd frávísana og brottvísana sbr. 33. gr. útlendingalaga
279	Lögreglan birtir útlendingi ákvörðun um brottvísun eða frávísun	Löggæsla	Reglugerð um útlendinga, nr. 53/2003
358-366	Útgáfa kennispjalda vegna endurnýjunar íslenskra ökuskrteina erlendis	Þjónusta	Umferðarlög, nr. 50/1987

Ákæra og saksókn

Hlutverk og skyldur

Hinn 1. janúar 2009 tóku gildi ný lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 (sml). Í 1. mgr. 1. gr. laganna segir: „Þau mál öll, sem handhafar ákærvalds höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu sæta meðferð eftir ákvæðum laga þessara nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.“

Samkvæmt gildandi skipan fara ríkissaksóknari og lögreglustjórar, þar með talinn ríkislögreglustjóri, með ákærvaldið í landinu í öllum meginatriðum (sérstakur saksóknari). Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds og sæta lögreglustjórar, og ríkislögreglustjóri, eftirliti og leiðsögn hans. Lögreglustjórar fara með ákærvald í öllum sérrefsilagabrotum og ákveðnum hegningarlagabrotum. Ákvarðanir þeirra um að vísa frá kæru, hætta rannsókn og fella niður mál eru kærnlegar til ríkissaksóknara. Lögreglustjórum er heimilt að höfða mál vegna algengustu brota á ákvæðum almennra hegningarlaga.

Hlutverk ákæranda er að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmætum viðurlögum. Ákærundur taka ákvörðun um hvort opinber rannsókn sem lögreglan framkvæmir skuli fara fram eða ekki. Ber þeim að hafa í huga að ekki á að hefjast handa um opinbera rannsókn nema rökstuddur grunur sé kominn fram um að refsiverð háttsemi, sem á undir ákærvaldið, hafi átt sér stað. Markmið rannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar fyrir dómstólum.

Starfsemi

Hlutverk lögreglu í tengslum við ákærumeðferð mála og saksókn teljast til grunnþjónustu og tengjast rannsóknarhlutverki lögreglunnar. Slík verkefni eru ætíð ofarlega í forgangs röðuninni sökum þess hversu mikilvæg þau eru til að tryggja réttaröryggi. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum og áherslum og hversu mikið þau tengjast grunnþjónustu lögreglunnar. Verkefni sem fær lægsta númerið fær mestan forgang en hæsta númerið minnstan.

Tafla 17. Ákæra og saksókn

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
27-28	Samráð við lögreglu um rannsókn brota	Rannsókn	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Lögreglulög, nr. 90/1996. Reglugerð um stjórn lögreglurannsókna, rannsóknardeildir og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála, nr. 192/2008
31-32	Lögfræðilegar leiðbeiningar/fyrirmæli	Innri aðstoð	Eðli máls
65-66	Höfða sakamál (önnur en þau sem ríkissaksóknari höfðar)	Saksókn	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
69	Annast flutning þeirra mála sem þeir höfða í héraði. Gerir kröfur fyrir héraðsdómi á rannsóknarstigi og skila greinargerð til Hæstaréttar í kærumálum	Saksókn	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
133-135	Innlent og erlent samstarf/aðstoð	Aðstoð/samstarf	Eðli máls
201	Sáttamiðlun	Saksókn	Fyrirmæli ríkissaksóknara um sáttamiðlun, nr. 7/2009
221-223	Fullnusta sekta og aðför	Saksókn	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
247	Lögreglustjórásáttir (sektargerð og sektarboð)	Saksókn	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Reglugerð um lögreglustjórásáttir nr. 569/1998
259	Gerir kröfu um og afléttir nálgunarbanni	Innri aðstoð	Lög um nálgunarbann, nr. 122/2008
370-375	Ákvörðun um kæru til Hæstaréttar í málum sem þeir hafa til rannsókna eða höfða (önnur en ríkissaksóknari)	Saksókn	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
382	Ákvörðun um afplánunartíma vegna sekta	Saksókn	Almenn hegningarlög, nr. 19/1940
383	Tilkynnir sakborningi, og ef því er að skipta brotaþola um að fallið sé frá saksókn	Saksókn	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
384	Ákvörðun um afplánunartíma vararefsingar	Saksókn	Almenn hegningarlög, nr. 19/1940

Efnahagsbrot (rannsókn)

Hlutverk og skyldur

Ríkislögreglustjóri starfrækir rannsóknardeild sem rannsakar skatta- og efnahagsbrot, sbr. a-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga. Um uppbyggingu efnahagsbrotadeildarinnar og starfsemi er fjallað í reglugerð nr. 804/2007 um rannsókn og saksókn efnahagsbrota. Hafa ber í huga að með gildistöku laga nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara var komið á laggirnar stofnun sem mun rannsaka mál sem ella hefðu komið inn á borð efnahagsbrotadeildar til rannsókna.

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans fer með rannsókn alvarlegra brota gegn ákvæðum sem falla undir 109. gr., 128.-129. gr., 179. gr., 247.-250. gr., 253.-254. gr., 262. gr., 264. gr. og 264. gr. a. almennra hegningarlaga eða alvarleg brot á skatta- og tollalögum, lögum sem varða gjaldeyrismál, samkeppni, verðbréf og lánsviðskipti, umhverfisvernd, vinnuvernd, stjórn fiskveiða og önnur alvarleg,

óvenjuleg eða skipulögð fjármunabrot sem tengjast atvinnurekstri eða verslun og viðskiptum. Þá annast deildin rannsókn allra svokallaðra efnahagsbrota, en þau eru skilgreind sem refsiverð háttsemi í hagnaðarskygni sem fer fram kerfisbundið og reglulega í annars löglegri atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklinga.

Efnahagsbrotadeildin fer með saksókn allra framangreindra fjármunabrota fyrir héraðsdómstólum. Sérstaða deildarinnar felst m.a. í því að verkefni hennar eru á landsvísu en ráðast ekki af landfræðilegum umdæmismörkum eins og verkefni lögreglustjóranna í héraði. Rannsókn og saksókn þessara mála er jafnan flókin og sérhæfð og er markmiðið að hjá deildinni sé þekking sem til þarf.

Efnahagsbrotadeild er þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi sem sinnt er af starfsmönnum hennar í mis miklum mæli. Starfsmenn deildarinnar eru m.a. tengiliðir við CARIN tengslanet Europol, EJM (European Judicial Network) og í sendinefnd Íslands í spillingarnefnd Evrópuráðsins GRECO. Framangreint samstarf er hluti af grunnþjónustu deildarinnar enda er það nauðsynlegt og hluti af skyldum Íslands samkvæmt fjölda samninga.

Starfsemi

Rannsókn efnahagsbrota telst til grunnþjónustu þar sem starfsemi hennar gegnir lykilhlutverki sbr. 1. gr. lögreglulaga þegar kemur að afbrotavarna- og rannsóknarhlutverki. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum, áherslum og hversu mikið þau tengjast rannsóknarhlutverki lögreglunnar sem og öðrum hlutverkum. Verkefni sem fær lægsta númerið fær mestan forgang en hæsta númerið minnstan.

Tafla 18. Efnahagsbrot

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
8	Rannsókn brota – kærð	Rannsókn	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Lögreglulög, nr. 90/1996. Reglugerð um stjórn lögreglurannsókna nr. 192/2008. Reglugerð um rannsókn og saksókn efnahagsbrota, nr. 804/2007
55	Rannsókn brota – frumkvæði	Rannsókn	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Lögreglulög, nr. 90/1996. Reglugerð um stjórn lögreglurannsókna nr. 192/2008. Reglugerð um rannsókn og saksókn efnahagsbrota, nr. 804/2007
113-120	Innlent og erlent samstarf/aðstoð	Aðstoð/samstarf	Eðli máls
157-158	Móttaka tilkynninga frá Fjármálaeftirlitinu	Aðstoð/samstarf	Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998
170-174	Móttaka tilkynninga frá skiptastjóra um atvik er snúa að grun um að þrotamaður eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi	Rannsókn	Lög um gjaldþrotaskipti, nr. 84/1991
204-205	Upplýsingasöfnun/miðlun	Rannsókn	Eðli máls

Fjarskiptamiðstöð

Hlutverk og skyldur

Fjarskiptamiðstöð starfar skv. reglugerð nr. 335/2005. Fjarskiptamiðstöðin skal sinna þjónustu- og samræmingarhlutverki við lögregluliðin. Í því felst að forgangsraða og annast stjórnun útkallshópa lögreglu. Einnig ber henni að gæta samræmingar í verkefnum og stuðla að samvinnu milli lögregluembættanna. Fjarskiptamiðstöð tekur við flest öllum símtölum til lögreglu sem berast Neyðarlínu og leysir úr þeim, auk þess að annast stjórnun útkallshópa lögreglu og fyrstu viðbrögð við aðgerðastjórnun. Hún svarar einnig fyrirspurnum borgaranna, upplýsir og leiðbeinir þegar svo ber undir. Fjarskiptamiðstöðinni er ætlað að sinna öllum útköllum og öðrum verkefnum eins fljótt og unnt er og forgangsraða þeim. Jafnframt ber henni að koma ákvörðunum og fyrirmælum ríkislögreglustjóra og viðkomandi lögreglustjóra á framfæri við útkallshópa lögregluliða.

Fjarskiptamiðstöð er tengd við eftirlitsmyndavélar á höfuðborgarsvæðinu. Umsjón og eftirlit með vélunum fer fram í fjarskiptamiðstöðinni. Á Akureyri og á Suðurnesjum eru eftirlitsmyndavélar sem tengdar eru lögreglustöðvunum þar. Starfssvæði fjarskiptamiðstöðvar nær til alls landsins. Stjórnunar- og rekstrarfyrirkomulag hennar er á ábyrgð ríkislögreglustjóra.

Starfsemi

Verkefni fjarskiptamiðstöðvar teljast til grunnþjónustu lögreglunnar sbr. 1. gr. lögreglulaga. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum, áherslum og hversu mikið þau tengjast grunnþjónustu lögreglunnar. Verkefni sem fær lægsta númerið fær mestan forgang en hæsta númerið minnstan.

Tafla 19. Fjarskiptamiðstöð

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
2	Símsvörðun – lögregluverkefni	Löggæsla	Lög um samræmda neyðarsvörðun, nr. 40/2008
5	Annast forgangsstöðun og stjórnun útkallshópa og fyrstu viðbrögð við aðgerðastjórnun	Löggæsla	Lög um samræmda neyðarsvörðun, nr. 40/2008
12	Starfræksla sérstakrar aðgerðastjórnar, tengd sérstökum verkefnum undir stjórn ríkislögreglustjóra	Innri aðstoð	Lög um samræmda neyðarsvörðun, nr. 40/2008
31-32	Símsvörðun – móttaka tilkynninga, leiðbeiningar og aðstoð – ekki lögregluverkefni	Þjónusta	Lög um samræmda neyðarsvörðun, nr. 40/2008
79	Eftirlit með eftirlitsmyndavélum – mikilvægir hagsmunir	Löggæsla	Samkvæmt reglum settum af forsætisráðuneyti, 1999 og 2003
128	Móttaka tilkynninga frá Vegagerðinni um hættur fyrir umferð – gefur veghaldara fyrirmæli um úrbætur	Löggæsla	Vegalög, nr. 80/2007
145	Móttaka tilkynninga frá Landhelgisgæslunni um svæði þar sem mengun getur borist á land	Löggæsla	Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2003
175-177	Innlent og erlent samstarf/aðstoð	Aðstoð/samstarf	Eðli máls
231-234	Eftirlitsvélur í miðbæ Reykjavíkur	Löggæsla	Samningur Reykjavíkurborgar, dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, Pósts og síma og lögreglustjórans í Reykjavík, 20. október 1997
231-234	Eftirlitsvélur í miðbæ Akureyrar	Löggæsla	Samkomulag lögreglustjóra og sveitarfélags
231-234	Eftirlitsvélur í miðbæ Keflavíkur	Löggæsla	Samkomulag lögreglustjóra og sveitarfélags

Flugvernd – flugstöðvardeild

Hlutverk og skyldur

Landamæraeftirlit er meginverkefni flugstöðvardeilda lögreglunnar á Suðurnesjum. Flugvöllurinn er skilgreindur (ICAO Category) í flokki 4 sem felur það í sér að flugvöllurinn getur tekið á móti öllum þeim flugvélum sem fljúga í heiminum í dag. Flugvöllurinn er opinn allan sólarhringinn alla daga ársins ásamt þeim þjónustugreinum sem nauðsynlegar eru. Flugvöllurinn hefur þá sérstöðu að þjóna bæði borgaralegu flugi og herflugi og er rekinn af Keflavíkurflugvelli ohf. Undir landamæraeftirlitið falla ýmis dagleg verkefni, s.s. vegabréfaskoðun, útgáfa áritana á landamærum, ítarleg skoðun farþega og ferðagagna á öðru stigi, frávísanir, greining farþegalista o.fl. Þá fer fram sérstakt eftirlit af hálfu lögreglunnar í flugstöðinni en þar geta komið upp mál er varða fólk sem kemur til landsins frá öðrum Schengen-ríkjum.

Lögreglan ber ábyrgð á og annast framkvæmd landamæraeftirlits samkvæmt 2. mgr. 1. gr. reglugerðar um för yfir landamæri nr. 1212/2007. Einn mikilvægasti þáttur landamæraeftirlitsins varðar skoðun vegabréfa og annarra skilríkja. Flugstöðvardeild hefur umsjón með G-kerfinu, sem er hugbúnaður sem ber saman farþegalista flutningsaðila við sérstakan gagnagrunn.

Á flugvöllum kemur lögreglan að framkvæmd flugverndarmála í samræmi við ákvæði lögreglulaga og margvíslegra þjóðréttarlegra skuldbindinga. Sem dæmi tekur lögreglustjórinn á Suðurnesjum virkan þátt í og vinnur við viðbragðsáætlanir fyrir Keflavíkurflugvöll, t.d. flugslysaáætlun fyrir völinn, neyðaráætlun vegna flugverndar og viðbragðsáætlun vegna rýmingar og annarrar váar sem steðjar að flugvallarstarfsemi.

Starfsemi

Meginverkefni flugstöðvardeilda teljast til grunnþjónustu lögreglunnar og felast í almennri löggæslu. Flugstöðvardeildinni eru einnig falin mörg sérstök verkefni er snúa að öryggishlutverki, rannsóknarhlutverki, samstarfs- og aðstoðarhlutverki lögreglunnar. Verkefni slíkrar deilda eru ætíð forgangsverkefni sökum þess hversu alvarlegar afleiðingar brot sem falla undir verksvið deildarinnar kunna að hafa í för með sér. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum og áherslum og hversu mikið þau tengjast grunnþjónustu lögreglunnar út frá t.a.m. öryggishlutverki og aðstoðarhlutverki. Verkefni sem fær lægsta númerið fær mestan forgang en hæsta númerið minnstan.

Tafla 20. Flugvernd - flugstöðvardeild

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
21	Greining á farþegalistum og áhættugreining	Rannsókn	Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra, nr. 404/2007
30	Rekstur G-upplýsingakerfisins, samanburður á farþegalista við sérstakan gagnagrunn lögreglu	Rannsókn	Ákvörðun lögreglustjóra – leiðir af starfsemi. Lög um útlendinga, nr. 96/2002. Reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, nr. 322/2001. Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra, nr. 404/2007
50-54	Eftirlit með komu- og brottfarafarþegum – vegabréfsskoðun (landamæraeftirliti)	Löggæsla	Lög um útlendinga, nr. 96/2002. Reglugerð um flugvernd, nr. 361/2005. Reglugerð um för yfir landamæri, nr. 1212/2007. Reglugerð um útlendinga, nr. 53/2003

60-62	Gerir bakgrunnsathuganir fyrir Flugmálastjórn eða framkvæmdaraðila flugverndar – á starfsfólki og aðgangsheimildum	Afbrotavarnir	Lög um loftferðir, nr. 60/1998
60-62	Bakgrunnsathuganir – tengdar flugvernd	Afbrotavarnir	Lög um loftferðir, nr. 60/1998
67-68	Viðbragðsáætlanir fyrir Keflavíkurflugvöll, t.d. flugslysaáætlun fyrir Keflavíkurflugvöll, neyðaráætlun vegna flugverndar og viðbragðsáætlun vegna rýmingar og sprengjuhótunar á athafnasvæði Keflavíkurflugvallar	Stjórnsýsla	Ákvörðun lögreglustjóra – leiðir af starfsemi
81	Sérstakt eftirlit með börnum og einstaklingum í farbanni og eftirlýstum einstaklingum	Löggæsla	Ákvörðun lögreglustjóra – leiðir af starfsemi
99-100	Starfræksla vegabréfarannsóknarstofu, sérhæfing starfsfólks og búnaðar til að kanna skilríki m.t.t. fölsunar	Rannsókn	Ákvörðun lögreglustjóra – leiðir af starfsemi
141-144	Aðstoð og samstarf tengt eftirliti Flugöryggissviðs Flugmálastjórnar Íslands og Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), fulltrúum Alþjóðaflugmálastofnunar (ICAC) Evrópusambandsins og flugmálastjórna (ECAC), fulltrúum erlendra ríkja og flugrekenda	Aðstoð/samstarf	Ákvörðun lögreglustjóra – leiðir af starfsemi
239-246	Tengiliðahlutverk við Frontex, Landamærafundun Evrópusambandsins	Aðstoð/samstarf	Ákvörðun lögreglustjóra – leiðir af starfsemi
239-246	Þátttaka í Working Party on Frontiers/false doc (samsetta nefndin sem fjallar um landamæraeftirlit og skilríki á vegum ESB)	Aðstoð/samstarf	Ákvörðun lögreglustjóra – leiðir af starfsemi
239-246	Þátttaka í FADO (False & Authentic Document Online), samevrópskum gagnagrunni með upplýsingum um öryggisatriði skilríkja og falsanir	Aðstoð/samstarf	Ákvörðun lögreglustjóra – leiðir af starfsemi. Byggt á sérstöku öryggisskjalasamningi, 1. mars 2007
239-246	Þátttaka í Practical Handbook, gerð samevrópskrar handbókar til að samræma vinnubrögð landamæravarða í Schengen-ríkjunum	Aðstoð/samstarf	Ákvörðun lögreglustjóra – leiðir af starfsemi
239-246	Þátttaka í IFC (Immigration Fraud Conference), samtökum starfsfólks með sérhæfingu í fölsun skilríkja	Aðstoð/samstarf	Ákvörðun lögreglustjóra – leiðir af starfsemi
240-247	Þátttaka í NAPIX (Nordic Airport Information Exchange), samskiptavettvangi norrænnar landamæragæslu	Aðstoð/samstarf	Ákvörðun lögreglustjóra – leiðir af starfsemi
330-331	Gerð sérhæfðra handbóka og leiðbeininga, fyrir starfsmenn lögreglu við landamæralöggæslu, fölsun og skoðun skilríkja	Innri aðstoð	Ákvörðun lögreglustjóra – leiðir af starfsemi
381	Umsýsla safns skilríkja frá mörgum löndum heimsins	Innri aðstoð	Verklagsregla dóms- og kirkjumálaráðuneytis, 15. september 2006

Tafla 21. Ríkislögreglustjóri – yfirstjórn

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
25	Ákvörðun um vástig, yfirtaka og stjórn aðgerða við hækkað vástig – tengd flug- og siglingavernd	Löggæsla	Lög um siglingavernd, nr. 50/2004
60-62	Bakgrunnsathuganir – tengdar flug- og siglingavernd	Afbrotavarnir	Lög um loftferðir, nr. 60/1998 Lög um siglingavernd, nr. 50/2004

Greiningardeild

Hlutverk og skyldur

Ríkislögreglustjóri starfrækir greiningardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Starfssvæði greiningardeildar nær til alls landsins. Greiningardeild annast verkefni á sviði öryggismála, sem m.a. felast í rannsóknum mála, aðgerðamiðuðu greiningar- og áhættumati og stefnumiðuðum greiningum. Einnig er kveðið á um hlutverk deildarinnar við gerð áhættugreiningar í árangursstjórnunarsamningi dóms- og kirkjumálaráðherra við ríkislögreglustjóra. Greiningardeild vinnur markvisst með lögregluembættum, Landhelgisgæslunni og tollgæslu auk þess sem erlent samstarf við Interpol, Europól og löggæslustofnanir á Norðurlöndum er náð.

Kveðið er á um starfsemi greiningardeildar í b-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga. Í reglugerð nr. 404/2007 um greiningardeild ríkislögreglustjóra er kveðið nánar á um hlutverk hennar, alþjóðlegt samstarf og hvernig greiningardeild eigi að vera upplýsinga- og greiningarmiðstöð á landsvísu. Við rannsókn brota ber greiningardeild að starfa skv. lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 og reglugerð um stjórn lögreglurannsókna nr. 1130/2006.

Starfsemi

Verkefni greiningardeildar teljast til grunnþjónustu lögreglunnar. Greiningardeild eru falin mjög mikilvæg verkefni er snúa að öryggishlutverki, rannsóknarhlutverki og aðstoðarhlutverki lögreglunnar. Verkefni slíkrar deildar eru ætíð forgangsverkefni sökum þess hversu alvarlegar afleiðingar brot sem falla undir verksvið deildarinnar kunna að hafa í för með sér. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum og áherslum og hversu mikið þau tengjast grunnþjónustu lögreglunnar út frá t.a.m. öryggishlutverki og rannsóknarhlutverki. Verkefni sem fær lægsta númerið fær mestan forgang en hæsta númerið minnstan.

Tafla 22. Greiningardeild

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
7	Rannsókn brota – kærð	Rannsókn	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Lögreglulög, nr. 90/1996. Reglugerð um stjórn lögreglurannsókna, rannsóknardeildir o.fl., nr. 192/2008. Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra, nr. 404/2007
11	Annast áhættugreiningu vegna einstaklinga og aflar upplýsinga til verndar og öryggisgæslu fyrir æðstu stjórn ríkisins	Afbrotavarnir	Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra, nr. 404/2007
14	Tekur þátt í undirbúningi aðgerða til stuðnings lögreglunni í landinu og aflar upplýsinga í málum er tengjast öryggi ríkisins	Löggæsla	Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra, nr. 404/2007
19-20	Veitir ráðgjöf um viðbúnað sem hefur þýðingu fyrir hagsmuni ríkisins og þjóðhagslega mikilvæga starfsemi	Aðstoð/samstarf	Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra, nr. 404/2007
22	Söfnun, úrvinnsla, greining og skipti á upplýsingum í því skyni að koma í veg fyrir afbrot	Afbrotavarnir	Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra, nr. 404/2007

38-39	Rannsókn brota – frumkvæði	Rannsókn	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Lögreglulög, nr. 90/1996. Reglugerð um stjórn lögreglurannsókna, rannsóknardeildir og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála, nr. 192/2008. Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra, nr. 404/2007
50-54	Áhættumat – meta hættu og áhættu vegna skipulagðrar glæpastarfsemi og hryðjuverka	Afbrotavarnir	Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra, nr. 404/2007
63	Samstarf við innlenda tengiliði lögregluembætta, tollstjóra og Landhelgisgæslu	Löggæsla	Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra, nr. 404/2007
71-75	Gerir bakgrunnsathuganir fyrir Siglingastofnun Íslands	Afbrotavarnir	Lög um siglingavernd, nr. 50/2004
71-75	Gerir bakgrunnsathuganir fyrir Flugmálastjórn eða framkvæmdaraðila flugverndar	Afbrotavarnir	Lög um loftferðir, nr. 60/1998
71-75	Gerir bakgrunnsathuganir fyrir Varnarmálastofnun	Afbrotavarnir	Varnarmálalög, nr. 34/2008
91-92	Veitir lögregluliðum aðstoð vegna landamæravörslu	Aðstoð/samstarf	Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra, nr. 404/2007
99-100	Fer með alþjóðlegt samstarf við öryggisstofnanir annarra landa	Aðstoð/samstarf	Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra, nr. 404/2007
103-105	Alþjóðasamskipti – Nato (Atlantshafsbandalagið – Nato Special Committee og Nato Security Committee)	Aðstoð/samstarf	Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra, nr. 404/2007
106-108	Innlent og erlent samstarf/aðstoð	Aðstoð/samstarf	Eðli máls
141-144	Veitir Siglingastofnun umsögn tengda áhættumati	Afbrotavarnir	Lög um siglingarvernd, nr. 50/2004
163-164	Tekur þátt í gerð neyðaráætlana almannavarna	Varnir gegn ógn	Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra, nr. 404/2007
224-226	Hefur eftirlit með því að reglum sé fylgt um meðhöndlun gagna sem hafa verið vottuð sem öryggisgráðuð	Innri endurskoðun	Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra, nr. 404/2007
227-228	Gefur út ógnarmat	Afbrotavarnir	Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra, nr. 404/2007

Lögreglan skylduverkefni – samstarf

Hlutverk og skyldur

Meðal markmiða stjórnvalda er að lögreglan vinni í samstarfi við aðra að því að stemma stigu við afbrotum og vinna markvisst að forvörnum í þeim tilgangi að fækka ungum afbrotamönnum. Samstarf lögreglunnar nær hins vegar langt út fyrir það og getur verið mjög víðtækt. Eins og fram kom í kaflanum um verkefni lögreglustjóra er kveðið á um verkefni lögreglunnar og skyldur í fjölmörgum lögum og reglugerðum sem snerta annars konar starfsemi en snýr beint að lögreglustarfinu. Hér er átt við lög um búfjárhald, olúgjald og kílómetragjald, um erfðabreyttar lífverur, náttúruvernd o.fl. Í þessari skýrslu hefur verið reynt að greina verkefni sem ef til vill má færa til annarra stofnana. Í þessum kafla er að finna mörg verkefni sem kveða m.a. á um eftirlitshlutverk en slík verkefni er ekki svo auðveldlega hægt að færa til vegna valdheimilda lögreglunnar.

Það hefur ekki farið fram nákvæm greining á þeim verkefnum sem finna má í töflunni hér að neðan, eins og hversu umfangsmikil og kostnaðarsöm þau eru fyrir lögregluna. Mörg þessara verkefna hafa bæst á lögregluna í gegnum árin án þess þó að fjármagn hafi fylgt sérstaklega. Við slíkar aðstæður má búast við því að lögreglan sinni einungis þeim verkefnum sem brýnust eru og þegar leitað er til hennar af almenningi eða stofnunum sem bera ábyrgð á tilteknum verkefnum.

Starfsemi

Flest þessara verkefna falla að einhverju leyti undir grunnþjónustu lögreglunnar, sérstaklega samstarfshlutverkið, einnig að einhverju leyti öryggishlutverkið. Samstarfshlutverk lögreglunnar byggist að mestu á f-lið 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga og er næstaftast í forgangs röðinni. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefur til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum, áherslum og hversu mikið þau tengjast grunnþjónustu lögreglunnar. Verkefni sem fær lægsta númerið fær mestan forgang en hæsta númerið minnstan.

Tafla 23. Lögreglan skylduverkefni - samstarf

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
64	Geislavarnir ríkisins – aðstoðarskylda við eftirlit á banni við tilraunum með kjarnavopn	Aðstoð/samstarf	Lög um framkvæmd samnings um allsherjabbann við tilraunum með kjarnavopn, nr. 25/2001
71-75	Umhverfistofnun – aðstoð við eftirlit og framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra	Aðstoð/samstarf	Lög um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, nr. 17/2000
85	Saksóknari (ákærvaldið) – almenn aðstoð við störf ákærvalds	Aðstoð/samstarf	Lögreglulög, nr. 90/1996
86-87	Flugmálastjórn – aðstoð við að framfylgja farbanni/flugbanni loftfars	Aðstoð/samstarf	Lög um loftferðir, nr. 60/1998. Reglugerð um úttektir á öryggi loftfara, nr. 752/2007
106-108	Yfirlæknar heilsugæslu og sóttvarnalæknar – aðstoðarskylda við framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna	Aðstoð/samstarf	Sóttvarnalög, nr. 19/1997
106-108	Yfirlæknar heilsugæslu og sóttvarnalæknar – aðstoð við aðgerðir til varnar smiti	Aðstoð/samstarf	Sóttvarnalög, nr. 19/1997
113-120	Vegagerðin – aðstoð við eftirlitsaðgerðir Vegagerðarinnar, vegna fólks- og farmflutninga á landi	Aðstoð/samstarf	Lög um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001
121-122	Flugmálastjórn – aðstoð til aðgerða gegn eignum er brjóta gegn hæðartakmörkum	Aðstoð/samstarf	Lög um loftferðir, nr. 60/1998

123-127	Umhverfistofnun – aðstoð við að stöðva mengandi starfsemi	Aðstoð/samstarf	Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2003
123-127	Umhverfistofnun – aðstoð við stöðvun á starfsemi	Aðstoð/samstarf	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998
123-127	Byggingarfulltrúar og byggingarnefndir – aðstoð við stöðvun framkvæmda	Aðstoð/samstarf	Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997
133-135	Samstarfsnefnd á sviði sóttvarna – aðstoð við aðgengi að öllum gögnum og stöðum	Aðstoð/samstarf	Sóttvarnalög, nr. 19/1997
136-137	Heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar – aðstoð til aðgangs vegna skoðunar og eftirlits	Aðstoð/samstarf	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998
136-137	Eigendur hugverkarétta – (sýslumaður) veita atbeina til öflunar sönnunargagna að undangengnum dómsúrskurði	Aðstoð/samstarf	Lög um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, nr. 53/2006
141-144	Eftirlitsstjórnvöld – aðstoð við rannsókn mála og framkvæmd réttarræða	Aðstoð/samstarf	Lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995
146-148	Siglingastofnun – aðstoð við framkvæmd farbanns skips	Aðstoð/samstarf	Lög um eftirlit með skipum, nr. 47/2003
146-148	Sýslumenn – aðstoð við að halda uppi lögbanni	Aðstoð/samstarf	Lög um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990
146-148	Heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar – aðstoð við framkvæmd ráðstafana og þvingunarúrræða	Aðstoð/samstarf	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998
150-153	Siglingastofnun – um réttindasviptingu skipa	Aðstoð/samstarf	Lög um eftirlit með skipum, nr. 47/2003
150-153	Læknar – flytja mann nauðugan í sjúkrahús, vegna alvarlegra geðsjúkdóma eða fíknar	Aðstoð/samstarf	Lögræðislög, nr. 71/1997
150-153	Fiskistofa – aðstoð við eftirlit með framkvæmd laga um umgengni um nytjastofna sjávar	Aðstoð/samstarf	Lög um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996
154-155	Sveitarstjórnir – aðstoð við framkvæmd úrskurðar	Aðstoð/samstarf	Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Reglugerð um náttúruvernd, nr. 205/1973
154-155	Eigendur hugverkarétta – aðstoð við leit hjá gerðarpóla – að beiðni sýslumanns	Aðstoð/samstarf	Lög um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, nr. 53/2006
156	Yfirdýralæknir – aðstoð við að stöðva flutninga og notkun flutningstækja til varasamra flutninga á dýrum eða vegna smithættu	Aðstoð/samstarf	Reglugerð um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar, nr. 651/2001
157-158	Slökkvilið – tryggir aðgengi að vettvangi og vettvangsstjórn	Aðstoð/samstarf	Lög um brunavarnir, nr. 75/2000
159	Barnaverndarnefndir – aðstoð til framkvæmdar á forsjákvörðun	Aðstoð/samstarf	Barnalög, nr. 76/2003
160-161	Persónuvernd – Aðstoð við persónuvernd	Aðstoð/samstarf	Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000
165	Barnaverndarnefnd – aðstoð við að framfylgja fullnustu ákvarðana barnaverndarnefndar, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla	Aðstoð/samstarf	Barnaverndarlög, nr. 80/2002
167-168	Fangelsismálastofnun – handtaka dómpóla	Aðstoð/samstarf	Lög um fullnustu refsinga, nr. 49/2005
169	Persónuvernd – aðstoð við stöðvun vinnslu á persónuupplýsingum, lokun starfsstöðvar	Aðstoð/samstarf	Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000
170-174	Rannsóknarnefnd umferðarslysa – aðstoð við vettvangsrannsókn, til handa rannsóknarstjóra	Aðstoð/samstarf	Lög um rannsóknarnefnd umferðarslysa, nr. 24/2005
170-174	Ákærendur – aðstoð við handtöku, mæti ákærði ekki fyrir dóm	Aðstoð/samstarf	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
170-174	Ákærendur – aðstoð við handtöku, mæti vitni ekki fyrir dóm	Aðstoð/samstarf	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
175-177	Neytendastofa – aðstoð við eftirlitsaðgerðir Neytendastofu	Aðstoð/samstarf	Lög um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001

178-179	Eftirlitsstjórnvöld – opinber markaðsgæsla – aðstoð við að framfylgja fyrirmælum	Aðstoð/samstarf	Lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995
180-183	Ákærendur – aðstoð við handtöku, mæti ákærði ekki fyrir dóm við þingfestingu máls	Aðstoð/samstarf	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
180-183	Vinnueftirlit ríkisins – aðstoðarskylda við eftirlitshlutverk	Aðstoð/samstarf	Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980
184	Barnaverndarstofa – aðstoð við stöðvun sýninga og dreifinga kvikmynda og tölvuleikja	Aðstoð/samstarf	Lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006
185	Dómsstólar – færa aðila til blóðrannsóknna og annarra sérfræðilegra rannsókna	Aðstoð/samstarf	Barnalög, nr. 76/2003
188-194	Dómsstólar – handtaka vitnis og vörslumanns skjals – að fyrirmælum dómara	Aðstoð/samstarf	Lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991
188-194	Sýslumenn – aðstoð við frelsisskerðingu gerðarþola, færast hann undan að veita nægar upplýsingar til framgangs aðför	Aðstoð/samstarf	Lög um aðför, nr. 90/1989
188-194	Sýslumenn – aðstoð við vettvangsverndun á meðan beðið er úrskurðar til að brjóta upp húsakynni gerðarþola	Aðstoð/samstarf	Lög um aðför, nr. 90/1989
188-194	Sýslumenn – aðstoð við að skerða för gerðarþola, verði hann ekki við áskorun um að heimila leit	Aðstoð/samstarf	Lög um aðför, nr. 90/1989
195-200	Rannsóknarnefnd Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 – aðstoð við rannsóknarnefndina	Aðstoð/samstarf	Lög um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, nr. 142/2008
195-200	Umhverfistofnun – aðstoð við að komast að landsvæði til að framfylgja aðgerðum og þvingunarúrræðum	Aðstoð/samstarf	Lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003
195-200	Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala – aðstoð svo að eftirlitsnefnd Félags fasteignasala geti sinnt eftirliti sínu, tengdu aðgengi að starfsstöð og gögnum	Aðstoð/samstarf	Lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004
195-200	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti – aðstoð við að framfylgja fyrirmælum ráðuneytis	Aðstoð/samstarf	Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993
210-214	Sýslumenn – hafa upp á gerðarþola og boða til að mæta til gerðar (aðför) eða færa hann til hennar	Aðstoð/samstarf	Lög um aðför, nr. 90/1989
210-214	Sýslumenn – framfylgja banni sýslumanns um að gerðarþoli geri eitthvað sem aðfararheimild kveður á um að hann eigi ekki að gera	Aðstoð/samstarf	Lög um aðför, nr. 90/1989
Tölvurannsóknna- og rafeindadeild varðveitir á rafrænu formi sönnunargögn sem verða til og veitir aðgang að þeim. Deildin fer með umsýslu Eyewitness gagna, varðveitir frumgögn vegna yfirheyrslna á hljóð og mynddiskum og sér um afritun úr myndavélaeftirlitskerfum. Deildin aðstoðar öll lögregluumdæmi landsins.

Starfsemi

Rannsóknir brota teljast til grunnþjónustu lögreglunnar. Tölvurannsóknna- og rafeindadeildinni eru falin mjög sérhæfð verkefni er snúa að rannsóknarhlutverki lögreglunnar. Deildin er stoðdeild sem aðstoðar aðrar deildir við rannsóknir í t.a.m. kynferðis- og efnahagsbrotum. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum og áherslum og hversu mikið þau tengjast grunnþjónustu lögreglunnar t.a.m. út frá rannsóknarhlutverki. Verkefni sem fær lægsta númerið fær mestan forgang en hæsta númerið minnstan.

Tafla 41. Tölvurannsóknna- og rafeindadeild

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
67-68	Sérstakar rannsóknir og aðgerðir á sviði tölvu- og rafeindatækja, símhlustun, notkun eftirfararbúnaðar o.fl.	Innri aðstoð	Eðli máls. Umburðarbréf ríkislögreglustjóra um tölvurannsóknir, 20. janúar 2006. Umburðarbréf ríkislögreglustjóra um búnað til þess að hlusta síma, 7. nóvember 2002
90	Rannsóknaraðstoð við lögreglu og önnur stjórnvöld	Aðstoð/samstarf	Eðli máls
91-92	Umsýsla og aðstoð við notkun á ýmsum rafeindabúnaði til löggæslustarfa	Innri aðstoð	Eðli máls
149	Innlent og erlent samstarf/aðstoð	Aðstoð/samstarf	Eðli máls
248	Upplýsingasöfnun/-miðlun	Rannsókn	Eðli máls
317-321	Umsýsla diska úr Eyewitness-búnaði	Innri aðstoð	Eðli máls

5. Stoðþjónusta

Verkefni sem falla undir stoðþjónustu lögreglunnar eru þau sem tengjast að takmörkuðu leyti hlutverki hennar eins og það er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga. Vissulega er hægt að skilgreina ýmis verkefni innan deilda/sviða þannig að þau tengist að hluta til einhverjum lið í 1. gr. laganna og þar með grunnþjónustunni. Meirihluti verkefna sem fjallað er um í þessum kafla tengjast hins vegar stoðþjónustunni og fyrir vikið falla öll verkefni viðkomandi deilda/sviða undir hana. Fjallað er um deildir, svið og verkefni í stafrófsröð í þessum kafla.

Mörg verkefni innan stoðþjónustunnar leiða af eðli máls, samningum og áherslum þar sem þau kunna að styðja við lögbundna skyldu annarra stofnana. Greining ríkislögreglustjóra á stoðþjónustunni felst í því að:

- fara í gegnum öll lög á vefsvæðinu althingi.is þar sem orðin *lögregla*, *ríkislögreglustjóri*, *sýslumaður* og *hreppstjóri* koma fyrir
- fara í gegnum allar reglugerðir á vefsvæðinu reglugerd.is þar sem orðin *lögregla* kemur fyrir
- fara í gegnum alla virka verkefnaflokka í lögreglakerfinu, LÖKE
- önnur verkefni voru listuð upp en þau snúa að skipulagi löggæslumála, árangursstjórnunar-samningum, stefnumótunarskjölum eða samkvæmt eðli máls

Það er ljóst að ýmis verkefni stoðþjónustunnar styðja við mikilvægar deildir innan grunnþjónustu lögreglunnar. Nægir þar að nefna Lögregluskóla ríkisins. Hins vegar styðja sum verkefni lítið sem ekkert við grunnþjónustuna en lögreglan getur ekki verið án, en það er t.a.m. launavinnsla og bókhald. Slík verkefni fá mikinn forgang innan ákveðinna deilda/sviða þar sem um er að ræða verkefni sem ekki er hægt að draga úr með neinu móti. Ef til vill má ná fram hagræðingu með því að sameina slík verkefni sem unnin eru hjá öllum embættum, eins og innkaup, rekstur og starfsmannahald.

Útfærsla á greiningu verkefna er falla undir stoðþjónustu lögreglunnar byggist að mestu á sama grunni og grunnþjónusta lögreglunnar, þ.e. lagalegum skyldum, reglugerðum o.fl. Hins vegar liggja ekki sambærilegir útreikningar að baki verkefnum í stoðþjónustunni líkt og finna má í viðauka um grunnþjónustuna. Ástæðan fyrir því er að þau verkefni sem stoðþjónustan sinnir tengjast eða styðja ekki við hlutverk lögreglunnar með sama hætti og verkefni sem falla undir grunnþjónustuna. Fyrir vikið liggur hlutlægt mat að baki forgangsöröðun verkefna innan deilda/sviða stoðþjónustunnar þar sem tekið hefur verið tillit til laga, reglugerða, samninga o.fl.

Í hverjum undirkafla má finna númer í fyrsta dálki töflunnar sem gefur til kynna forgangsöröðun verkefnis og er þeim gefin einkunn á bilinu 1-5. Verkefni sem fær einkunnina einn er afgerandi mikilvægt verkefni og fær mestan forgang en verkefni sem fær einkunnina fimm fær minnstan forgang þó að það sé mikilvægt í starfseminni. Verkefni sem fær núll er ekki talið hafa nein áhrif á grunnþjónustu lögreglunnar.

Tafla 42. Skilgreiningar á mikilvægi og forgangsöröðun verkefna

Viðmið	Forgangsöröðun
Afgerandi mjög mikilvægt	1
Mjög verulega mikilvægt	2
Verulega mikilvægt	3
Nokkuð mikilvægt	4
Mikilvægt	5
Hefur engin áhrif	0

Líkt og í kafla 4 um grunnþjónustuna er stoðþjónustunni skipt upp í deildir/svið og skylduverkefni. Í hverjum kafla má finna töflur þar sem eðli starfseminnar er skilgreint og hvert verkefni er talið upp. Í töflunum kemur m.a. fram ástæðan að baki því að tiltekið verkefni er unnið. Það kann að vera skylda lögreglunnar skv. lögum eða reglugerðum og í þeim tilfellum er vísað til laga og reglugerða eftir því sem við á. Sum verkefni eru unnin eðli máls samkvæmt. Einnig kunna árangursstjórnunarsamningar, löggæsluáætlun 2007-2011 eða aðrar mikilvægar stefnumótandi ákvarðanir ráðherra eða lögreglustjóra að liggja að baki því að tiltekið verkefni sé unnið. Það er ekki verið að bera saman deildir/svið í kaflanum um stoðþjónustu heldur er um að ræða samantekt á öllum verkefnum og forgangs röðun út frá mikilvægi þeirra.

Afgreiðsla og umsýsla verkefna

Hlutverk og skyldur

Eðli málsins samkvæmt er umsýsla í kringum lögregluna mjög mikil. Þessu hlutverki verða ekki gerð tæmandi skil hér en aðeins bent á að gríðarlegt magn af skjölum safnast saman við úrvinnslu mála þó að vissulega hafi upptaka ýmiss konar tölvukerfa hin síðari ár dregið úr því pappírsmagni sem safnast. Á móti kemur að tölvukerfin og búnaður með þeim þurfa pláss og sérhæft starfslið sem oft þarf að hafa yfirburðapekkingu á störfum lögreglunnar. Í mörgum málum leggur lögreglan hald á muni sem hafa eða geta haft sönnunargildi við rannsókn brota, sbr. lög um meðferð sakamála. Skyldur lögreglunnar felast líka í því að varðveita gögn sem berast eða verða til við rannsókn máls og haga vörslu þannig að öll gögn séu aðgengileg og heil þegar á þeim þarf að halda. Í þessu felst mikil umsýsla sem ekki aðeins útheimtir starfsmenn heldur einnig húsnæði sem er þá sérstaklega útbúið til að mæta lögskipuðum kröfum sem gerðar eru. Meðal annarra verkefna lögreglunnar má nefna móttöku kæru sem að jafnaði er borin fram á starfsstöð lögreglunnar. Þá leita borgararnir til lögreglunnar af ýmsum öðrum tilefnum svo sem vegna útgáfu leyfa sem ef til vill ætti að vera í höndum annarra stofnana að leysa úr. Af þessu leiðir að lögreglan þarf að starfrækja afgreiðslu eða eins konar þjónustuver í flestum umdæmum.

Þótt lögreglan hafi ekki umsjón með fangelsismálum rekur hún fangaklefa á flestum lögreglustöðvum þar sem handteknir menn eru vistaðir. Lögreglan ber ábyrgð á þessum klefum og þeim sem þar eru vistaðir. Samkvæmt lögum um fullnustu refsinga nr. 49/2005 er kveðið á um að í sérstökum tilvikum megi um skemmri tíma vista afplánunarfanga í fangageymslum lögreglunnar. Heimilt er, ef aðstæður leyfa, að vista gæsluvarðhaldsfanga í skamman tíma í fangageymslunum, þó ekki lengur en í fjóra sólarhringa, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Eftirlit með föngum við þessar aðstæður er á hendi lögreglunnar og á ábyrgð lögreglustjóra, nema aðrar og sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar.

Starfsemi

Flestöll afgreiðsluverkefni falla undir ýmiss konar stoðþjónustu lögreglunnar. Birtingar og boðanir eru lögbundin verkefni að hluta til, sem heimilt er að aðrir sinni. Önnur verkefni, s.s. muna- og efnageymsla, kærómóttaka, fangavistun, almenn afgreiðsla og skjalavistun, verða hins vegar ekki færð frá lögreglunni og því er mikilvægt að greina umfang þeirra og kostnað sem af þeim hlýst. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum, áherslum og hversu mikið þau tengjast grunnþjónustu lögreglunnar. Verkefni sem fær númerið einn fær mestan forgang, númerið tveir næstmestan o.s.frv.

Tafla 43. Fangageymsla

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
1	Nauðsynleg starfsemi, tengd löggæslu	Rekstur	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
1	Skammtí mavistun handtekinna/ósjálfbjarga	Innri aðstoð	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008 Reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl., nr. 651/2009
2	Vistun gæsluvarðhaldsfanga	Innri aðstoð	Lög um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988 Lög um fullnustu refsinga, nr. 49/2005
3	Vistun afplánunarfanga	Innri aðstoð	Lög um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988 Lög um fullnustu refsinga, nr. 49/2005

Tafla 44. Muna- og efnageymsla

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
1	Nauðsynleg starfsemi	Rekstur	Eðli máls – ákvörðun lögreglustjóra
1	Varsla og meðferð haldlagðra muna	Innri aðstoð	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
1	Varsla og meðferð haldlagðra efna	Innri aðstoð	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
5	Varsla, meðferð og ráðstöfun, tapað – fundið	Innri aðstoð	Opið bréf (frá kansallínu) um meðferð á fundnu fé í kaupstöðum, 1811
5	Sala fundinna og haldlagðra muna	Rekstur	Opið bréf (frá kansallínu) um meðferð á fundnu fé í kaupstöðum, 1811

Tafla 45. Almenn afgreiðsla

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
1	Nauðsynleg starfsemi, tengd löggæslu	Rekstur	Eðli máls – ákvörðun lögreglustjóra
1	Þjónustuver – símsvörun	Innri aðstoð	Eðli máls
2	Þjónustuver – afgreiðsla leyfa, vegabréfa, öskuskírteina og sakavottorða	Innri aðstoð	Eðli máls
3	Þjónustuver – skjalavarsla	Innri aðstoð	Eðli máls
3	Þjónustuver – skýrsluskrá	Innri aðstoð	Eðli máls
4	Þjónustuver – ritarþjónusta	Innri aðstoð	Eðli máls
5	Þjónustuver – almenn upplýsingamiðlun og leiðsögn	Innri aðstoð	Eðli máls

Tafla 46. Birting og boðun

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
0	Birting ákæru	Boðun/birting	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
0	Birting dóms	Boðun/birting	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
0	Birting – dómsáritun	Boðun/birting	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008 og reglugerð um lögreglustjórásáttir nr. 205/2009
0	Birting – ítrekun sektarboðs	Boðun/birting	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008 og reglugerð um lögreglustjórásáttir nr. 205/2009
0	Birting kröfu	Boðun/birting	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
0	Boðun – dómur	Boðun/birting	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
0	Boðun – fjárnám	Boðun/birting	Lög um aðför, nr. 90/1989
0	Boðun – opinbert mál	Boðun/birting	Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
0	Boðun – vegna skoðunar ökutækja	Boðun/birting	Reglugerð um skoðun ökutækja, nr. 8/2009

Bílamiðstöð

Hlutverk og skyldur

Ríkislögreglustjóra var falin yfirumsjón með rekstri ökutækja lögreglunnar árið 2000 og að bæta úr þeirri stöðu sem upp var komin varðandi bílamálin. Byggt var á kerfi sem Vegagerðin notar við rekstur sinna ökutækja. Markmið hins nýja skipulags er að nýta sem best það fjármagn sem veitt er til kaupa á ökutækjum, að lögreglubifreiðar verði ætíð í fullkomnu ásigkomulagi og þær uppfylli öryggiskröfur samkvæmt stöðlum sem gilda um lögreglubúnað.

Lögregluembættin greiða tiltekna upphæð á hvern ekinn kílómetra sem samanstendur annars vegar af gjaldi sem ætlað er að standa undir rekstrarkostnaði og hins vegar föstu gjaldi sem nema á 90% af endurstofnverði ökutækis á fimm árum.

Starfsemi

Rekstur bílamiðstöðvar er stoðþjónusta sem ber ábyrgð á umsýslu ökutækja lögreglunnar og ýmsum búnaði í þeim. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum, áherslu og hversu mikið þau tengjast grunnþjónustu lögreglunnar. Verkefni sem fær númerið einn fær mestan forgang, númerið tveir næstmestan o.s.frv.

Tafla 47. Bílamiðstöð

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
1	Að vera ráðgefandi um kaup, sölu og tilfærslu ökutækja	Innri aðstoð	Lögreglulög, nr. 90/1996. Lög um opinber innkaup nr. 84/2007
1	Að framfylgja öryggiskröfum um ökutæki og búnað	Innri aðstoð	Lögreglulög, nr. 90/1996
2	Sérstakt eftirlit með kostnaði, meðferð og notkun ökutækja	Innri aðstoð	Lögreglulög, nr. 90/1996
2	Standsetning nýrra ökutækja og sala eldri ökutækja	Innri aðstoð	Eðli máls – ákvörðun ríkislögreglustjóra
3	Ákvarðanir um viðgerðir á ökutækjum og búnaði	Innri aðstoð	Eðli máls – ákvörðun ríkislögreglustjóra
3	Að hafa til reiðu aðstöðu fyrir rannsókn á meintum brotataekjum fyrir rannsóknardeildir og aðstoð við þá vinnu	Innri aðstoð	Eðli máls – ákvörðun ríkislögreglustjóra
4	Að hafa til reiðu aðstöðu til leitar að meintum fíkniefnum í ökutækjum fyrir toll og lögreglu og aðstoð við þá vinnu	Innri aðstoð	Eðli máls – ákvörðun ríkislögreglustjóra
4	Að halda utan um bílaleigubíla í sérverkefnum fyrir lögregluembættin	Innri aðstoð	Eðli máls – ákvörðun ríkislögreglustjóra
5	Almenn þrif og forvarnaskoðanir	Innri aðstoð	Eðli máls
5	Önnur verkefni	Innri aðstoð	Eðli máls

Fjármál og rekstur

Hlutverk og skyldur

Lögreglustjórar og ríkislögreglustjóri hafa umsjón með fjármálum og annast reikningshald, gera mánaðaruppgjör og semja ársreikning, halda utan um fjárheimildir lögreglunnar, sjá um fjárstýringu og innheimta kröfur.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald eru stofnanir bókhaldsskyldar. Samkvæmt lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins falla öryggis- og eftirlitsstofnanir undir A-hluta ríkisreiknings. Nánar er kveðið á um skyldur þessar í reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta. Í 4. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að forstöðumaður beri ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárheimildir og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt, sbr. 49. gr. laganna.

Skv. 8. gr. reglugerðarinnar skal ráðuneyti í október ár hvert kynna stofnunum þær fjárveitingar sem áætlað er að séu til ráðstöfunar á árinu skv. frumvarpi til fjárlaga næsta árs. Forstöðumönnum ber að skila ársáætlun til ráðuneytis í síðasta lagi fyrir lok desember ár hvert. Áætlunin skal rúmast innan ramma fjárheimilda og byggjast á bráðabirgðauppgjöri stofnunar. Við rekstur stofnunar skal forstöðumaður gæta þess að samræmi sé á milli útgjalda hennar og áætlunar í lok hvers tímabils innan ársins.

Starfsemi

Rekstur lögreglunnar er stoðþjónusta sem styður við störf er falla undir grunnþjónustu lögreglunnar. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum, áherslu og hversu mikið þau tengjast grunnþjónustu lögreglunnar. Verkefni sem fær númerið einn fær mestan forgang, númerið tveir næstmestan o.s.frv.

Tafla 48. Fjármál og rekstur

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
1	Fjármál og bókhald – áætlanagerð	Rekstur	Lög um bókhald, nr. 145/1994. Reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta, nr. 1061/2004
1	Launavinnsla (Oracle)	Mannauður	Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996
2	Innkaup á lögreglubúnaði og tækjum	Rekstur	Lögreglulög, nr. 90/1996
2	Rekstur og umsýsla fasteigna	Rekstur	Eðli máls
3	Rekstur og umsýsla verkboðhalds lögreglu (ríkislögreglustjóri)	Innri aðstoð	Löggæsluáætlun 2007-2011 Ársáætlun ríkislögreglustjóra 2008
3	Innkaup á rekstrarvörum	Rekstur	Eðli máls
3	Ferðauppgjörskerfi (Oracle)	Mannauður	Stefna stjórnvalda – innleitt af fjármálaráðuneyti og Fjársýslu ríkisins
4	Innkaup á skrifstofubúnaði og tækjum	Rekstur	Eðli máls
5	Innlent og erlent samstarf/aðstoð	Aðstoð/samstarf	Lögreglulög, nr. 90/1996

Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar (IMST)

Hlutverk og skyldur

Í reglugerð nr. 205/2009 um lögreglustjórásáttir er í 9. gr. kveðið á um að innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar annist innheimtu sekta. Innheimtumiðstöðinni ber að leita fullnustu sektar, og sakarkostnaðar ef því er að skipta, með aðför, nema talið verði að það sé þýðingarlaust. Um aðför fer eftir fyrirmælum laga um aðför, nr. 90/1989.

Markmiðið með tilkomu innheimtumiðstöðvar var að samræma, einfalda og efla innheimtu sekta og sakarkostnaðar í öllu landinu. Meðal verkefna innheimtumiðstöðvar er að senda út innheimtubréf vegna dóma og áritaðra sektarboða og sektargerða en Fangelsismálastofnun sér um skráningu þessara mála í tekjubókhalðskerfi ríkisins (TBR). Einnig sér innheimtumiðstöðin um símsvörun vegna sektarboða, innheimtu vegna sektargerða sem búið er að undirrita, undirbúning vegna birtinga/boðana á árituðum sektarboðum og boðun í vararefsingu. Fjárnáms- og uppboðsbeiðnir eru sendar sýslumönnum auk þess sem beiðnir um afplánun vararefsinga fara frá innheimtumiðstöð til Fangelsismálastofnunar. Innheimtumiðstöðin er við embætti lögreglustjórans á Blönduósi.

Starfsemi

Verkefni innheimtumiðstöðvar telst hvorki til grunnþjónustu né stoðþjónustu lögreglunnar. Hins vegar er starfsemin háð mjög öflugri tengingu við málaskrá lögreglunnar (LÖKE). Lagt er til að verkefni hennar verði í höndum sýslumanna.

Tafla 49. Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
0	Innheimtumiðstöð annast innheimtu sekta sem ákvarðaðar eru af dómstólum eða stjórnvöldum	Innheimta	Lög um fullnustu refsinga, nr. 49/2005. Reglugerð um lögreglustjórásáttir, nr. 205/2009. Lög um fullnustu refsídóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr 69/1963
0	Innheimta sekta og sakarkostnaðar	Innheimta	Lög um fullnustu refsinga, nr. 49/2005. Reglugerð um fullnustu refsinga, nr. 961/2005
0	Innheimtumiðstöð leggur mat á þýðingu innheimtuaðgerða, ákveður beitingu vararefsingar	Innheimta	Lög um fullnustu refsinga, nr. 49/2005
0	Innheimtumiðstöð móttækur umsókn dómþola um samfélagsþjónustu og framsendir til Fangelsismálastofnunar ásamt umsögn	Innheimta	Lög um fullnustu refsinga, nr. 49/2005
0	Innheimtumiðstöð innheimtir jafnvirðisupptökur en embættin varsla sjálf haldlagða muni og eyða eftir að dómur er kveðinn upp	Innheimta	Lög um fullnustu refsinga, nr. 49/2005

Lögregluskóli ríkisins

Hlutverk og skyldur

Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. lögreglulaga er Lögregluskóli ríkisins sjálfstæð stofnun. Skólinn skal starfrækja grunnnámsdeild er veiti lögreglunemum menntun í almennum lögreglufræðum og framhaldsdeild er veiti starfandi lögreglumönnum símenntun, framhaldsmenntun og sérmenntun. Í 2. mgr. 36. gr. er kveðið á um að Lögregluskóli ríkisins skuli vera vettvangur rannsókna í lögreglufræðum og stjórnvöldum til ráðgjafar um lögreglumálefni. Lögregluskólinn starfar einnig skv. reglugerð nr. 490/1997 um Lögregluskóla ríkisins. Helstu verkefni Lögregluskólans eru skilgreind í samningi um árangursstjórnun sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið gerði í mars 2007 við Lögregluskóla ríkisins.

Starfsemi

Verkefni Lögregluskólans teljast til stoðþjónustu sem styður við grunnstarfsemi lögreglunnar. Lögreglan mun ætíð þurfa starfsfólk sem hefur sérmenntað sig í lögreglufræðum til að tryggja að verkefni séu leyst af fagmennsku og í samræmi við lög. Verkefni Lögregluskólans falla ekki undir þau verkefni sem skilgreind eru í 1. gr. lögreglulaga. Í fyrsta dálki hér á eftir má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum, áherslum og hversu mikið þau tengjast og styðja við grunnþjónustu lögreglunnar. Verkefni sem fær númerið einn fær mestan forgang, númerið tveir næstmestan o.s.frv.

Tafla 50. Lögregluskóli ríkisins

Nr.	Verkefni	Eðli þjónustu	Lög, reglur og samningar
1	Grunnnámsdeild	Mannauður	Lögreglulög, nr. 90/1996
1	Framhaldsdeild – sérmenntun	Mannauður	Lögreglulög, nr. 90/1996
1	Framhaldsdeild – símenntun	Mannauður	Lögreglulög, nr. 90/1996
1	Framhaldsdeild – stjórnunarnám	Mannauður	Lögreglulög, nr. 90/1996
2	Framhaldsdeild – lögreglunám erlendis	Mannauður	Lögreglulög, nr. 90/1996
2	Framhaldsdeild – sérverkefni	Mannauður	Lögreglulög, nr. 90/1996
2	Rannsóknir í lögreglufræðum	Stefnumótun	Lögreglulög, nr. 90/1996. Reglugerð um Lögregluskóla ríkisins, nr. 490/1997
3	Innlent og erlent samstarf/aðstoð	Aðstoð/samstarf	Lögreglulög, nr. 90/1996
3	Námskeið fyrir aðra handhafa lögregluvalds	Mannauður	Reglugerð um Lögregluskóla ríkisins, nr. 490/1997
3	Fræðsla og þróun námskeiða fyrir starfsmenn lögreglu	Mannauður	Lögreglulög, nr. 90/1996
4	Námskeið fyrir afleysingamenn og héraðslögreglumenn	Mannauður	Reglugerð um Lögregluskóla ríkisins, nr. 490/1997
4	Samstarf vegna annarrar menntunar (tollur, landhelgisgæsla, fangaverðir og öryggisverðir)	Mannauður	Reglugerð um Lögregluskóla ríkisins, nr. 490/1997
5	Kröfur um líkamlegt atgervi – íþróttálag	Mannauður	Kjarasamningur Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, 30. apríl 2005

Starfsmannamál

Hlutverk og skyldur

Það felst í starfsmannahaldi að vinna samkvæmt starfsmannastefnu lögreglunnar. Í löggæsluáætlun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er kveðið nánar á um markmið er tengjast innra starfi lögreglunnar, s.s. framþróun í starfsmannamálum, starfsmannasamtöl, sí- og endurmenntun o.fl. Hvergi er kveðið á um í lögum að lögreglan skuli starfrækja starfsmannaskrifstofu eða deild, en það leiðir af eðli máls að umsýsla þessara mála þarf að vera með ákveðnum hætti. Í starfsmannalögum er kveðið á um skyldur opinberra stofnana er snúa að ráðningarmálum.

Þótt ekki hafi verið gerð þarfagreining á þessu ætti starfsmannahald að hafa yfirumsjón með mannauðsmálum lögreglunnar, forystu um stefnumótun á því sviði og veita lögreglunni um land allt ráðgjöf, hafa umsjón og eftirlit með starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun. Starfsmannahald bærir ábyrgð á og hefði eftirlit með framkvæmd kjarasamninga, samskiptum við stéttarfélög, ábyrgð á mannauðsupplýsingakerfi (Oracle) og þróun þess, gerð starfsþróunaráætla, framkvæmd árlegra viðhorfskannana meðal starfsmanna lögreglunnar, stjórnendafræðslu og þróunarverkefnum, m.a. í nánú samstarfi við Lögregluskólann.

Starfsemi

Starfsmannamál falla undir stoðþjónustu og undir þau falla verkefni sem nauðsynleg eru til að efla þekkingu lögreglumanna og halda utan um upplýsingar er varða lögreglumenn. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum, áherslum og hversu mikið þau tengjast grunnþjónustu lögreglunnar. Verkefni sem fær númerið einn fær mestan forgang, númerið tveir næstmestan o.s.frv.

Tafla 51. Starfsmannamál

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
1	Auglýsinga- og ráðningarferli (Oracle)	Mannauður	Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996
1	Mannauðskerfi – umsýsla á starfstengdum upplýsingum (Oracle)	Mannauður	Stefna stjórnvalda – innleitt af fjármálaráðuneyti og Fjársýslu ríkisins
2	Vakta- og viðverukerfi (Oracle)	Mannauður	Stefna stjórnvalda – innleitt af fjármálaráðuneyti og Fjársýslu ríkisins
2	Mótun, framfylgni og eftirfylgni jafnréttisstefnu	Mannauður	Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008
2	Mótun, framfylgni og eftirfylgni félagastuðnings	Mannauður	Löggæsluáætlun 2007-2011
3	Starfslýsingar einstaklinga, deilda og starfseininga	Stefnumótun	Starfsmannastefna ríkislögreglustjóra
3	Starfs- og frammistöðumat	Mannauður	Starfsmannastefna ríkislögreglustjóra
4	Mótun, framfylgni og eftirfylgni tengd starfsmannastefnu	Mannauður	Starfsmannastefna ríkislögreglustjóra
4	Samstarf við Lögregluskólann um fræðslu og þróun námskeiða fyrir starfsmenn lögreglu	Mannauður	Lögreglulög, nr. 90/1996
5	Starfsumhverfiskannanir	Mannauður	Ársáætlun ríkislögreglustjóra 2009
5	Innlent og erlent samstarf/aðstoð	Aðstoð/samstarf	Lögreglulög, nr. 90/1996

Stjórnsýsla

Hlutverk og skyldur

Hlutverk stjórnsýslu lögreglunnar er að vinna að samræmingu og stefnumótun og að hafa yfirsýn og þekkingu á verkefnum hennar. Á meðal verkefna stjórnsýslunnar er að hafa eftirlit með starfsemi og setja verklagsreglur til að samræma störf lögreglunnar. Einn þáttur í eftirlitshlutverkinu er úttekt á starfsemi lögregluembættanna. Með slíkri athugun geta komið fram atriði sem kalla á leiðbeiningar eða fyrirmæli sem ríkislögreglustjóri setur. Úttekt á embætti getur einnig leitt til tillagna um hvar megi hagræða í rekstrinum. Innan stjórnsýslunnar er unnið að fræðilegum rannsóknum sem er vaxandi þáttur í starfsemi. Með verkefnum stjórnsýslunnar er stuðlað að því að lögreglan vinni samkvæmt skýrum verkferlum og að störf hennar séu markviss í þágu réttaröryggis borgaranna.

Stjórnsýsluverkefni lögreglunnar byggjast á lagareglum, áherslum stjórnvalda sbr. löggæsluáætlun, árangursstjórnunarsamningi eða venjum sem eðli samkvæmt fylgja rekstri stofnana. Í lögreglulögum er kveðið á um að ríkislögreglustjóri geri tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar sbr. d-lið 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga og geri tillögur til dómsmálaráðherra um almenn fyrirmæli til lögreglustjóra skv. c-lið. Ríkislögreglustjóri skal starfrækja innra eftirlit með lögreglunni í landinu skv. árangursstjórnunarsamningi við dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Ríkislögreglustjóri gerir árangursstjórnunarsamninga við lögregluembættin, sem felur í sér eftirlit með starfsemi og árangri embættanna. Í löggæsluáætlun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 2007-2011 er kveðið á um að lögregla starfi á grundvelli skýrrar upplýsingastefnu þar sem lögð er áhersla á öryggi miðlægra upplýsingagrunna lögreglu og samræmda afbrotatölfræði. Einnig er kveðið á um að árangur af starfi lögreglunnar sé metinn reglulega.

Starfsemi

Verkefni stjórnsýslunnar teljast til stoðþjónustu. Henni er t.a.m. ætlað að tryggja að lögreglan vinni eftir stefnu stjórnvalda í löggæslumálum. Þessi verkefni fela í sér söfnun og úrvinnslu upplýsinga með það að markmiði að meta starfshætti og vinnubrögð. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum, áherslum og hversu mikið þau tengjast og styðja við grunnþjónustu lögreglunnar. Verkefni sem fær númerið einn fær mestan forgang, númerið tveir næstmestan o.s.frv.

Tafla 52. Stjórnsýsla

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
1	Stjórnsýslan vinnur að og gerir tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar	Stjórnsýsla	Lögreglulög, nr. 90/1996
1	Eftirlit með árangursstjórnunarsamningum	Stefnumótun	Árangursstjórnunarsamningur ríkislögreglustjóra við dóms- og kirkjumálaráðuneytið og embætta við ríkislögreglustjóra
2	Álitsgerðir og umsagnir	Innri aðstoð	Lögreglulög, nr. 90/1996
2	Umsögn s.s. um lög og reglugerðir/fyrirspurnir	Aðstoð/samstarf	Lögreglulög, nr. 90/1996
3	Þolendakannanir	Stjórnsýsla	Löggæsluáætlun 2007-2011
3	Umsjón með ársáætlanagerð	Stefnumótun	Árangursstjórnunarsamningur ríkislögreglustjóra við dóms- og kirkjumálaráðuneytið
4	Innleiðing og umsjón á gæðastjórnun	Stefnumótun	Ársáætlun ríkislögreglustjóra
5	Innlent og erlent samstarf/aðstoð	Aðstoð/samstarf	Lögreglulög, nr. 90/1996

Tafla 53. Innri endurskoðun

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
1	Innri endurskoðun fylgist með að fyrirmælum æðstu handhafa ríkisvalds sé fylgt eftir (innri endurskoðun/eftirlit)	Innri endurskoðun	Lögreglulög, nr. 90/1996. Árangursstjórnunarsamningur
2	Úttektir, úrbætur, umbótastarf og forvarnir	Innri endurskoðun	Lögreglulög, nr. 90/1996
3	Áhættugreining	Innri endurskoðun	Árangursstjórnunarsamningur – hluti af verkefnum innra eftirlits

Tölvudeild

Hlutverk og skyldur

Samkvæmt i-lið 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga ber ríkislögreglustjóra að halda málaskrá um kærur sem berast lögreglu um afbrot með öllum nauðsynlegum upplýsingum sem mál varða, dagbók lögreglu með upplýsingum um erindi og úrlausn þeirra, skrá yfir handtekna menn og aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu löggæsluhagsmuna. Tölvudeild hefur umsjón með endurnýjun og viðhaldi á hugbúnaði og vélbúnaði lögreglunnar. Einnig sér deildin um tölvupóstkerfið og IP-símkerfi lögreglunnar. Í janúar 2010 mun tölvudeildin sem rekstraraðili taka við víðneti lögreglunnar og símkerfum sem Þjóðskrá hefur rekið sl. ár. Við þessa breytingu mun tölvudeildin einnig ber ábyrgð á gagna tengingum við lögregluembættin, Útlendingastofnun, Fangelsismálastofnun, ríkissaksóknara og sérstakan saksóknara ásamt viðhaldi og þjónustu.

Ríkislögreglustjóri starfrækir tölvudeild sem hefur umsjón með netkerfi ríkislögreglustjóra á landsvísi. Deildin aðstoðar einnig notendur kerfisins, sem eru öll lögregluembætti landsins. Enn fremur hefur deildin með höndum stefnumörkun um landskerfi lögreglunnar og allar aðgangsstýringar í tengslum við það og daglega umsjón með landskerfum lögreglu og þjónustu við notendur þeirra. Undir þetta falla ákvarðanir um hugbúnaðargerð og viðhald á hugbúnaði lögregluckerfanna. Tölvudeild sér um rekstur á verkefnum sem áður heyrðu undir tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins (TMD). Reksturinn felur í sér miðlæga þjónustu við öll lögregluembætti, sýslumenn, Fangelsismálastofnun, ríkissaksóknara, sérstakan saksóknara og Útlendingastofnun.

Starfsemi

Tölvudeildin er stoðdeild sem ber ábyrgð á tilteknum verkefnum sem styðja við störf er falla undir grunnþjónustu lögreglunnar. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum, áherslum og hversu mikið þau tengjast grunnþjónustu lögreglunnar. Verkefni sem fær númerið einn fær mestan forgang, númerið tveir næstmestan o.s.frv.

Tafla 54. Tölvudeild

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
1	Rekstur og umsjón lögregluckerfisins, málaskráar og dagbók lögreglu	Innri aðstoð	Lögreglulög, nr. 90/1996
1	Rekstur, umsjón og þjónusta með verkefnum sem áður tilheyrðu tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins	Innri aðstoð	Ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins
1	Rekstur víðnets - umsjón með tengingum (frá og með 1. janúar 2010)	Innri aðstoð	Ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins
2	Rekstur og umsjón tölvuskráar um ökuskírteini og ökuferil	Innri aðstoð	Umferðarlög, nr. 50/1987. Reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlaga, nr. 929/2006. Reglugerð um ökuskírteini, nr. 501/1997

2	Rekstur alþjóðakerfa, m.a. Schengen-upplýsingakerfið, upplýsingakerfi Interpol, upplýsingakerfi Europol	Innri aðstoð	Lög um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16/2000. Reglugerð um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 112/2001.
2	Rekstur og umsjón skotvopnaskráar fyrir landið	Innri aðstoð	Vopnalög, nr. 16/1998
	Notendaþjónusta vegna upplýsingakerfa lögreglunnar og annarra sameiginlegra kerfa lögreglu	Innri aðstoð	Eðli máls
3	Rekstur og umsjón með rafrænni erfðaeftisskrá lögreglu	Innri aðstoð	Lög um erfðaeftisskrá, nr. 88/2001. Reglugerð um erfðaeftisskrá lögreglu, nr. 748/2008
3	Rekstur og umsjón innanlandskerfa, m.a. leyfisveitingakerfis sem heldur utan um 31 tegund leyfa	Innri aðstoð	Lög, reglugerðir, eðli máls
4	Rekstur og umsýsla vegna veraldarvefsins (innra og ytra net lögreglu)	Innri aðstoð	Eðli máls
5	Innlent og erlent samstarf/aðstoð	Aðstoð/samstarf	Lögreglulög, nr. 90/1996

Upplýsingamál og afbrotagreiningar

Hlutverk og skyldur

Miðlun og greiningar á upplýsingum eru meðal verkefna lögreglu. Ríkislögreglustjóri hefur umsjón með gerð fræðilegra rannsókna og greiningu upplýsinga úr gagnagrunnum til að auðvelda stefnumiðaða ákvarðanatöku á sviði löggæslu og til að upplýsa almenning og fjölmiðla um stöðu og þróun afbrota. Samhliða er unnið að skráningu upplýsinga sem lögregla telur mikilvægt að safna vegna afbrota og ekki eru skráðar í Lögreglakerfið.

Hlutverk lögreglunnar skv. c-lið 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga er að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins. Í 2. mgr. 11. gr. lögreglulaga er kveðið á um gagnkvæmt samstarf lögreglu við önnur stjórnvöld varðandi verkefni sem tengjast löggæslu, svo sem forvarnir. Með forvörnum er átt við baráttu gegn áfengi og ólöglegum vímuefnum og hvers kyns aðrar afbrotavarnir. Á síðustu áratugum hefur það fæst í vöxt að lögreglulið í öðrum löndum vinni að afbrotavörnum (crime prevention) eða afbrotagreiningum (crime analysis) en sú vinna felur í sér aukna notkun upplýsinga, skipulagningu, samstarf og forvirkar aðgerðir. Ríkislögreglustjóri hefur umsjón með afbrotatölfræði og fræðilegum rannsóknum skv. 5. gr. lögreglulaga en nánar er kveðið á um úrvinnslu þessara mála í löggæsluáætlun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 2007-2011. Aukin krafa um upplýsingar hefur gert það að verkum að umsýsla þessara mála hefur vaxið mikið síðastliðin ár.

Starfsemi

Upplýsingamál, afbrotatölfræði og afbrotagreiningar falla ekki undir grunnþjónustu lögreglunnar sbr. 1. gr. lögreglulaga. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum, áherslum og hversu mikið þau tengjast grunnþjónustu lögreglunnar. Verkefni sem fær númerið einn fær mestan forgang, númerið tveir næstmestan o.s.frv.

Tafla 55. Upplýsingamál og afbrotagreiningar

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
1	Afbrotatölfræði – innri viðskiptavinir	Afbrotavarnir	Eðli máls
1	Afbrotatölfræði – stjórnvöld	Þjónusta	Eðli máls
2	Afbrotatölfræði – ytri viðskiptavinir	Þjónusta	Eðli máls

2	Að móta kynningaráætlun og hafa umsjón með kynningarefni lögreglunnar	Þjónusta	Löggæsluáætlun 2007-2011
3	Lögregluvefurinn – ytri	Þjónusta	Eðli máls
3	Lögregluvefurinn – innri	Mannauður	Eðli máls
3	Afbrotatölfræði – mánaðarskýrslur	Afbrotavarnir	Eðli máls
3	Afbrotatölfræði – ársskýrsla	Afbrotavarnir	Eðli máls
4	Verkefnaíðun löggæsla – söfnun, greining og úrvinnsla gagna úr starfsemi – miðlun upplýsinga	Innri aðstoð	Löggæsluáætlun 2007-2011
4	Fræðilegar rannsóknir- staða og þróun afbrota	Afbrotavarnir	Eðli máls
5	Afbrotavarnaráð Norðurlandanna, ÖSE – tengiliður vegna hatursglæpa	Aðstoð/samstarf	Ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytis
5	Innlent og erlent samstarf/aðstoð	Aðstoð/samstarf	Lögreglulög, nr. 90/1996

Stjórn lögreglu – ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar

Hlutverk og skyldur

Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra skv. 4. gr. lögreglulaga. Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar fara með stjórn sinna lögregluembætta og bera ábyrgð á rekstri þeirra. Nánar er kveðið á um skyldur ríkislögreglustjóra gagnvart lögreglustjórum og æðstu stjórnvöldum í 5. gr. lögreglulaga. Ríkislögreglustjóri ber ábyrgð á þeim verkefnum sem honum eru falin, ýmist í lögum, reglugerðum, árangursstjórnunarsamningum eða öðrum samningum. Í 38. gr. starfsmannalaga er kveðið á um að forstöðumaður beri ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Samkvæmt b-lið 5. gr. lögreglulaga er ríkislögreglustjóra ætlað að miðla upplýsingum frá lögreglunni til æðstu handhafa ríkisvaldsins. Skv. c-lið er ríkislögreglustjóra ætlað að vera til ráðuneytis og vinna að tillögum til dómsmálaráðherra um hvers kyns lögreglumálefni í formi reglugerða, reglna eða almennra fyrirmæla.

Starfsemi

Ríkislögreglustjóri fer fyrir lögreglunni og hefur eftirlit með lögregluembættum í umboði ráðherra. Í því felst m.a. að sjá til þess að grunnþjónusta og stoðþjónusta lögreglunnar sé starfhæf og að unnið sé að markmiðum stjórnvalda sbr. áherslur í löggæsluáætlun. Í fyrsta dálki má finna númer sem gefa til kynna mikilvægi verkefna út frá lagalegum skyldum, áherslum og hversu mikið þau tengjast þjónustu lögreglunnar. Verkefni sem fær númerið einn fær mestan forgang, númerið tveir næstmestan o.s.frv.

Tafla 56. Stjórn lögreglu - ríkislögreglustjóri

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
1	Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í landinu í umboði dómsmálaráðherra	Stjórnsýsla	Lögreglulög, nr. 90/1996. Reglugerð um starfsstig innan lögreglunnar, nr. 1051/2006
1	Fer með stjórn fjármála embættisins	Rekstur	Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996
1	Ríkislögreglustjóri flytur og kynnir lögreglustjórum boð og ákvarðanir æðstu handhafa ríkisvaldsins (yfirstjórn)	Stjórnsýsla	Lögreglulög, nr. 90/1996
1	Ríkislögreglustjóri lætur dómsmálaráðherra í té upplýsingar um lögreglumálefni til undirbúnings og ákvörðunartöku (yfirstjórn – upplýsinga- og áætlunadeild)	Stjórnsýsla	Lögreglulög, nr. 90/1996
1	Ríkislögreglustjóri gerir tillögur til dómsmálaráðherra um almenn fyrirmæli til lögreglustjóra (yfirstjórn)	Stjórnsýsla	Lögreglulög, nr. 90/1996
2	Stefnumótun fyrir lögreglu	Stefnumótun	Árangursstjórnunarsamningur

2	Setning markmiða fyrir lögreglu	Stefnumótun	Árangursstjórnunarsamningur
2	Ákvörðun um áherslur	Stefnumótun	Árangursstjórnunarsamningur
2	Ríkislögreglustjóri gerir tillögur um fjölda nýnema hverju sinni	Stefnumótun	Lögreglulög, nr. 90/1996
3	Ríkislögreglustjóri veitir lögreglustjórum ráðgjöf, aðstoð og stuðning í lögreglustörfum	Stjórnsýsla	Lögreglulög, nr. 90/1996
3	Ríkislögreglustjóri annast viðfangsefni sem þarfnast miðsstýringar, samhæfingar eða samstarfs við lögreglu í öðru landi	Stjórnsýsla	Lögreglulög, nr. 90/1996
3	Ríkislögreglustjóri gefur fyrirmæli um framkvæmd einstakra viðamikilla verkefna er snerta fleiri en eitt umdæmi	Stjórnsýsla	Lögreglulög, nr. 90/1996
3	Aðstoð, samráð og samstarf við æðstu stofnanir og erlendar löggæslustofnanir	Aðstoð/samstarf	Lögreglulög, nr. 90/1996
3	Samstarfssamningur Norðurlandanna um lögreglusamvinnu	Aðstoð/samstarf	Lögreglulög, nr. 90/1996
4	Útgáfa lögregluskilríkja	Rekstur	Reglugerð um lögregluskilríki og notkun þeirra, nr. 1052/2006
4	Ríkislögreglustjóri skal gefa út viðvörðun til ökumanns þegar 8 punktar hafa verið færðir í ökuferilsskrá hans á þriggja ára tímabili. Slíka viðvörðun skal þó gefa út til ökumanns með bráðabirgðaökuskírteini þegar 3 punktar hafa verið færðir í ökuferilsskrá hans	Stjórnsýsla	Reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota, nr. 929/2006
5	Ríkislögreglustjóri er heimilt að kveða á um að enginn skuli gegna dyravörslu nema hann hafi lokið viðurkenndu námskeiði fyrir dyraverði. Ríkislögreglustjóri getur sett nánari reglur um efni slíkra námskeiða og kveðið nánar á um hæfisskilyrði dyravarða	Stjórnsýsla	Reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 585/2007
5	Ríkislögreglustjóri heldur miðlæga skrá yfir rekstrarleyfi og tækifærisleyfi. Skráin skal birt á heimasíðu ríkislögreglustjóra. Ríkislögreglustjóri skal jafnframt halda skrá yfir þá sem sviptir hafa verið rekstrarleyfum og einnig skrá yfir skriflegar áminningar til leyfishafa vegna vanrækslu tengdrar smásölu og veitingu áfengis	Stjórnsýsla	Reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 585/2007. Reglugerð um smásölu og veitingar áfengis, nr. 177/1999

Tafla 57. Stjórn lögreglu – lögreglustjóri

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
1	Fer með lögreglustjórn	Stjórnsýsla	Lögreglulög, nr. 90/1996
2	Fer með stjórn fjármála embættisins	Rekstur	Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996
3	Stefnumótun fyrir lögregluembætti	Stefnumótun	Árangursstjórnunarsamningur
4	Setning markmiða fyrir lögregluembætti	Stefnumótun	Árangursstjórnunarsamningur
5	Ákvörðun um áherslur	Stefnumótun	Árangursstjórnunarsamningur

Tafla 58. Tæknimál

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
1	Ríkislögreglustjóri starfrækir tæknistofu sem hefur eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu og gefur út verklagsreglur og leiðbeiningar	Innri endurskoðun	Lögreglulög, nr. 90/1996
2	Ríkislögreglustjóri annast alþjóðasamskipti og alþjóðasamstarf á sviði tæknimála	Aðstoð/samstarf	Lögreglulög, nr. 90/1996

Tafla 59. ID-kennslanefnd

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
1	Stjórnarfarslega heyrir kennslanefnd undir ríkislögreglustjóra sem setur nánari reglur um starfsemi nefndarinnar	Rekstur	Reglugerð um kennslanefnd, nr. 350/2009
2	Kennslanefnd ber kennsl á menn er hafa týnt lífi í flugslysi, skriðuföllum, snjóflóðum, flóði, skipstapa eða öðrum náttúruhamförum, eða þegar óþekkt lík eða líkamsleifar finnast	Innri aðstoð	Reglugerð um kennslanefnd, nr. 350/2009
3	Ríkislögreglustjóri heldur skrá um horfið fólk og hefur umsjón með störfum kennslanefndar	Innri aðstoð	Lögreglulög, nr. 90/1996

Tafla 60. Ríkislögreglustjóri – leit og björgun

Nr.	Verkefni	Eðli starfseminnar	Lög, reglur og samningar
1	Ríkislögreglustjóri veitir lögreglustjórum aðstoð vegna leitar- og björgunaraðgerða	Leit og björgun	Reglugerð um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita, nr. 289/2003
2	Ríkislögreglustjóri mælir fyrir um skipulag samstarfs lögregluliða við leitar- og björgunaraðgerðir	Leit og björgun	Reglugerð um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita, nr. 289/2003
3	Ríkislögreglustjóri annast samstarf við lögreglu í öðru landi tengt leit og björgun og er tengiliður við erlend lögreglufirvöld	Leit og björgun	Reglugerð um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita, nr. 289/2003
4	Ríkislögreglustjóri fer með samskipti lögreglunnar við önnur stjórnvöld en lögreglu sem fara með forræði leitar- og björgunaraðgerða	Leit og björgun	Reglugerð um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita, nr. 289/2003
5	Ríkislögreglustjóri gefur út eyðublöð til móttöku tilkynninga og söfnun upplýsinga tengdra leit og björgun	Leit og björgun	Reglugerð um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita, nr. 289/2003
5	Ríkislögreglustjóri gefur út leiðbeiningar um viðbragðsáætlanagerð að höfðu samráði við landsstjórn björgunarsveita og setur fram nauðsynlegar viðbragðsáætlanir á landsvísi	Leit og björgun	Reglugerð um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita, nr. 289/2003

6. Tilfærsla á verkefnum frá lögreglu

Umhverfi lögreglunnar hefur verið að breytast á síðustu árum. Ýmis brot sem áður voru næstum óþekkt á Íslandi eru nú orðin meðal þeirra stærstu sem lögreglan er með í rannsókn hverju sinni. Hér má nefna efnahagsbrot og skipulagða glæpastarfsemi auk þess sem umfang stærstu fíkniefnabrotanna eru á við þau stærstu sem framin eru í nágrannalöndum okkar. Greina má ákveðna þætti sem kunna að hafa hér áhrif eins og aðild Íslands að EES árið 1994 sem veitti aukið frelsi í fjármálaþjónustu og fjármagnsflutningum. Einnig má nefna Schengen-samkomulagið sem Ísland gerðist aðili að árið 2001 og netvæðinguna sem kallað hefur á aukna sérhæfingu lögreglumanna á sviði netmála.

Þróun í tilteknum brotaflokkum kallar því á viðbrögð lögreglunnar sem m.a. felur í sér að koma þarf upp sérfræðikunnáttu sem áður var ef til vill takmörkuð innan lögreglunnar. Á sama tíma og þessi þróun hefur átt sér stað hafa ýmsar nýjar stofnanir verið settar á laggirnar sem hafa það markmið að sinna ýmsum málum sem lögreglan sinni venju samkvæmt. Stofnanir eins og Vegagerðin, Umferðarstofa og Lýðheilsustöð eru sérstaklega nefndar þar sem þær hafa veigamiklu hlutverki að gegna á sviði vegamála, umferðarfræðslu og lýðheilsu barna.

Það er mat ríkislögreglustjóra að það þurfi að koma skýrar fram í lögum að verkefni sem lögreglan hefur verið að sinna venju samkvæmt sé á ábyrgð annarra svo að lögreglan geti betur einbeitt sér að þeim verkefnum sem henni ber skylda til. Einnig eru verkefni sem lögreglumenn sinna skv. lögum en eru þess eðlis að aðrir starfsmenn hins opinbera geta sinnt þeim. Þetta eru verkefni sem snúa m.a. að leyfamálum, birtingum og boðunum. Til að styrkja grunnþjónustuna er mikilvægt að skoða hvort einhver verkefni séu vel til þess fallin að aðrir en lögreglumenn sinni þeim. Í þessum kafla er fjallað um nokkur verkefni sem lögreglan eða lögreglumenn hafa að öllu eða hluta til sinnt en ef til vill mætti færa annað.

Útgáfa leyfa og skilríkja

Lagt er til að allar leyfisveitingar sem nú eru í höndum lögreglu, s.s. leyfi vegna sprengiefnis (staðsetning geymslna, sprengistjóri, flutningar), skotvopna (kaup, sala, námskeið, réttindi), þungaflutninga, P-korta (fyrir hreyfihamlaðra) og fleira verði fært til annarra stofnana eins og t.d. sýslumanna. Ef þörf er á aðkomu lögreglu vegna leyfisveitinga ætti það vera í formi umsagna eða með takmörkuðum aðgangi að málaskrá lögreglunnar. Starfsmenn sýslumanna eru t.a.m. betur í stakk búnir en lögreglumenn að sinna verkefnum sem þessum, vinnutími þeirra er reglulegur, verkefnin eru svipuð og önnur verkefni þeirra og almenningur fær þar með sambærilega þjónustu.

Birtingar og boðun (ákærur, fyrirköll, dómar, afplánunarbréf o.fl.)

Lagt er til að boðanir, fyrirköll og birtingar dóma og annarra bréfa gagnvart einstaklingum sem ekki eru sviptir frelsi (starfsmenn fangelsis eða vistunarstaðar afhendi einstaklingum sem eru í fangelsi eða vistun umrædd skjöl) verði færð í hendur stefnuvotta eða póstsins. Fyrirkallsdeild er á höfuðborgarsvæðinu en á öðrum stöðum sinnir hinn almenni lögreglumaður þessum tímafreku verkefnum.

Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar (IMST)

Lagt er til að verkefni Innheimtumiðstöðvar verði í höndum sýslumanna. Markmiðið með tilkomu Innheimtumiðstöðvar var að samræma, einfalda og efla innheimtu sekta og sakarkostnaðar í öllu landinu. Innheimtumiðstöðin er á Blönduósi.

Aðstoð vegna minniháttar umferðaróhappa

Lagt er til að aðstoð við minniháttar umferðaróhöpp þar sem ekki verða slys á fólki verði færð að öllu leyti til tryggingafélaganna, Umferðarstofu eða Umferðarráðs. Tryggingafélögin eru þegar farin að bjóða upp á sérhæfða þjónustu fyrir viðskiptavinum sína lendi þeir í umferðaróhöppum á höfuðborgarsvæðinu. Sú þjónusta felur m.a. í sér aðstoð við að fylla út tjónaskýrslur, mælingar og myndatökur á vettvangi og úrvinnslu gagna. Með því að færa þessi verkefni til tryggingafélaga er hægt að nýta starfskrafta lögreglumanna í önnur brýnni verk er snúa að grunnþjónustunni.

Forvarnir – fræðsla

Lagt er til að forvarnir og fræðsla séu í höndum fagfólks, s.s. að Umferðastofa sjái um umferðarfræðslu, heilbrigðiskerfið fíkniefnafræðslu og t.a.m. tryggingarfélögin innbrotufræðslu. Ríkislögreglustjóri hefur unnið að því á síðustu árum að efla afbrotavarnahlutverk lögreglunnar með því að innleiða aðferðir verkefnamiðaðrar löggæslu. Eins og fram kemur í kafla 3 hefur úttekt verið gerð á forvarnastarfi lögreglunnar. Sú úttekt leiddi það í ljós að lögreglan hefur tekið að sér verkefni sem ekki er kveðið á um í lögum er lúta að forvörnum. Mikilvægt er að lögreglan sinni frekar afbrotavörnum en forvörnum þar sem til eru stofnanir og fagfólk sem er hæfara til að sinna forvörnum en lögreglumenn. Tími lögreglumanna gæti því nýst betur við að sinna grunnþjónustunni.